HELGA ÓLAFSDÓTTIR
Færir til húsgögnin vanti hana tilbreytingu
• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

HÍBÝLI OG VIÐHALD
Allt sem viðkemur trjá- og runnaklippingum
Sérblað um híbýli og viðhald
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

PITT

FRÉTTABLAÐIÐ

29. mars 2010 — 74. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Geymir ýmsa fjársjóði

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja er þrjátíu ára.
TÍMAMÓT 18

Of Monsters and Men sigraði í Músiktilraunum



Hljómsveitin Of Monsters and Men í núverandi mynd er aðeins tveggja vikna gömul.
FÓLK 22

Bankar í rekstri

„Gjaldþrot er neyðarbrauð vegna þess að við það tapast alltaf töluverð verðmæti," skrifar Jafet S. Ólafsson, framkvæmdastjóri Veigs ehf.
Í DAG 16

KR í undanúrslit

KR tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum Íslandsmótsins í körfuknattleik. Tindastóll nældi í oddaleik gegn Keflavík.
ÍÞRÓTTIR 25

VEÐRIÐ Í DAG



Minnkandi snjókoma norðaustan- og austanlands en bjart um mestallt sunnan- og vestanvert landið. Frost víða á bilinu 1 til 8 stig.
VEÐUR 4

Í LOFTKÖSTUM Aðdáunin skín úr andlitum áhorfenda þegar einn keppenda á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum ögrar þyngdaraflinu í gólfæfingum sínum. Íslandsmótið fór fram í glæsilegu fimleikahúsi Ármanns í Laugardalnum um helgina, en keppt var í fjölþraut á laugardag og á einstökum áhöldum á sunnudag. Sjá síðu 24
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tafir á stóriðju um ár kosta 50 milljarða

Tefjist þær framkvæmdir við stóriðju sem þegar hafa verið ákveðnar um eitt ár minnkar landsframleiðsla um 50 milljarða næstu þrjú ár. Tafir vegna Icesave gera erfiðara um vik um fjármögnun og valda því að gjaldeyrishöft ílengjast.

EFNAHAGSMÁL Hefjist framkvæmdir við stóriðju ekki fyrr en á næsta ári, verður landsframleiðsla næstu þriggja ára 50 milljörðum króna minni en ella. Þetta kemur fram í útreikningum hagfræðideildar Alþýðusambands Íslands fyrir Fréttablaðið. Þær framkvæmdir sem vísað er til eru álver í Helguvík og endurnýjun í Straumsvík, ásamt nauðsynlegum orkuverum.

Ljóst er að enn eru ljón í vegi framkvæmdanna og ber þar hæst fjármögnun. Óvissa um Icesave veldur þar mestu. Fleira hangir þar á spýtunni en tafir á efnahagsáætlun stjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og óvissan um Icesave, en þessi atriði eru tengd, vega þar þyngst. Nægir í því efni að vísa til orða Más Guðmundssonar seðlabankastjóra sem sagði að ef Icesave leystist ekki ílengdust höft, krónan yrði veikari og þrengingar meiri.

Fréttablaðið óskaði eftir því við hagdeildina að hún setti upp þrjú dæmi. Í fyrsta lagi að framkvæmdir við stóriðju fari á fullt á þessu ári, í öðru lagi á árinu 2011 og í þriðja lagi hver áhrif þess yrðu ef hætt yrði alfarið við framkvæmdirnar.

Þrátt fyrir að framkvæmdir færu á fullt í sumar myndi landsframleiðslan dragast saman á milli ára; úr rúmlega 1.500 milljörðum í ár í 1.442 milljarða. Næstu tvö ár mundi hún aukast á ný.

Ef þær tefjast um eitt ár dregst verg landsframleiðsla mun meira saman eða um 49,9 milljarða á næstu þremur árum. Skiptir þá engu þó allt verði keyrt á fullt á næsta ári. Verði hætt við stóriðjuframkvæmdirnar dregst landsframleiðsla næstu þriggja ára saman um tæpa 133 milljarða.

Í þessum tölum er ekki tekið tillit til aukins aðhalds í ríkisfjármálum til að fylgja efnahagsáætluninni, eða kostnaðar vegna hærri vaxta vegna aukins áhættuálags, meðal annars vegna óvissu um Icesave.
- kóp / sjá síðu 6

Mynd um Þjóðleikhúsið:

Íslandsklukkan rauði þráðurinn

FÓLK „Maður fær þarna tækifæri til að vera hálfgerður landkönnuður í leikhúsinu," útskýrir kvikmyndagerðarmaðurinn Jón Karl Helgason.

Jón Karl vinnur að heimildarmynd um Þjóðleikhúsið sem verður frumsýnd næsta vetur. Íslandsklukkan er rauði þráðurinn í myndinni, en Jón hefur að undanförnu fylgst með æfingum á verkinu í leikstjórn Benedikts Erlingssonar.

JÓN KARL HELGASON

„Íslandsklukkan er einhvern veginn höfuðverk Þjóðleikhússins og það gengur einhvern veginn í arf," segir Jón Karl.
- fgg / sjá síðu 30

Námuslys í Kína:

Vatnsflaumur flæddi niður í kolanámu

KÍNA, AP **Á annað hundrað manns voru fastir í sjálfheldu í kolanámu í norðanverðu Kína í gær eftir að vatn flæddi niður í námuna.**

Rúmlega 260 námumenn voru að störfum í námunni þegar vatnsflaumurinn fyllti skyndilega stóran hluta námunnar. Ekki var ljóst í gær af hverju vatnsflóðið komst í námuna.

Nærri 140 námumönnum var strax bjargað, en eftir sátu rúmlega 120 manns sem biðu björgunar.

Námuslysum hefur fækkað í Kína síðustu ár, en þó fórust 2.600 manns þar í landi í slíkum slysum á síðasta ári. - gb

SPURNING DAGSINS

Árni, er þetta ekki svolítið sveitt?

„Jú, þetta er dálítið sveitt en sviti er heilbrigður."

Árni Vilhjálmsson og félagar hans í hljómsveitinni FM Belfast senda frá sér svitabönd, stuttbuxur og boli í samstarfi við Henson í sumar.

Óvissa næstu mánuði um framhald Íraksstjórnar meðan bitist er um úrslit þingkosninga:

Ofbeldisverkum fjölgar í kjölfar kosninga

ÍRAK, AP Töluvert ofbeldi hefur verið í Írak um helgina eftir birtingu kosningaúrslita á föstudagskvöld þar sem veraldlega sinnaðir súnnímúslimar unnu óvæntan sigur.

Stuðningsmaður sigurvegarans var myrtur á laugardag og að minnsta kosti fimm manns fórust í sprengjuárásum í gær. Óttast er að framhald verði á ofbeldisverkum meðan óvissa ríkir um stjórnina, sem væntanlega verður næstu mánuðina.

Sigurvegari kosninganna var Ayad Allawi, veraldlega sinnaður sjíamúslimi, og flokkabandalag hans, sem hlaut 91 þingsæti. Nouri al Maliki, sjíamúslimi sem verið hefur forsætisráðherra Íraks í næstum fjögur ár, fékk 89 atkvæði og krefst þess að atkvæði verði endurtalin. Hvorugur þeirra Allawis og Malikis hefur nægan þingstyrk til að mynda ríkisstjórn á 325 manna þingi landsins, þar sem 163 atkvæði þarf til að mynda meirihluta.

Hin óvæntu úrslit kosninganna, sem birt voru á föstudagskvöld, vekja hins vegar vonir bæði arabaríkja og Bandaríkjanna um að draga muni úr áhrifum Íranskra stjórnvalda í Írak. Talið er að Maliki hafi hins vegar meiri áhuga á að starfa með Íraska þjóðabandalaginu, sem hefur náin tengsl við Íran, en þá yrðu sjíar áfram ráðandi afl í íröskum stjórnmálum en súnnímúslimar áfram áhrifaminni.

-gb

STUÐNINGSMAÐUR ALLAWIS BORINN TIL GRAFAR Al Obadi var myrtur í Bagdad á laugardag þegar hann var að fagna kosningasigri Ayads Allawis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KARZAI OG AFGANISTAN Obama kom í óvænta heimsókn til Kabúl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama í Afganistan:

Stappar stáli í sína hermenn

AFGANISTAN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti heimsótti Hamid Karzai Afganistansforseta í Kabúl í gær. Að því búnu hélt hann til Bagramflugvallar þar sem hann ávarpaði 2.500 bandaríska hermenn.

Hann sagði þeim að erfiðir tímar væru fram undan í stríðinu í Afganistan, en Bandaríkin ætli sér ekki að gefast upp og muni hafa sigur á endanum.

Karzai færði hann hins vegar þau skilaboð að stjórnarhættir í Afganistan verði að batna og Karzai verði að vinna bug á spillingu innan stjórnarinnar. - gb

Kosið til sveitarstjórna á Ítalíu:

Reynir á styrk Berlusconis

ÍTALÍA, AP Ítalir bíða spenntir eftir fyrstu úrslitum sveitarstjórnarkosninga, sem birt verða í kvöld. Þá kemur í ljós hvort vinsældir Silvio Berlusconis hafa dalað í kjölfar hneykslismála og versnandi efnahagsástands.

Kosningarnar hófust í gær en verður haldið áfram í dag. Alls er kosið í þrettán af tuttugu héruðum landsins, sem þýðir að litið er á kosningarnar sem eins konar prófraun á afstöðu þjóðarinnar til forsætisráðherrans.

Berlusconi hvatti stuðningsmenn sína til að mæta á kjörstað í gær og tryggja að kosningaþátttaka verði ekki lítil. - gb

Sérsveitin einnig við eftirlit fyrir austan

Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur aðstoðað lögregluna á Hvolsvelli vegna aukins álags undanfarna daga. Í gærkvöld hafði ekki verið tekin ákvörðun um hvernig viðbúnaði björgunarsveita verður háttað næstu daga í kringum gosstöðvarnar.

ELDGOS Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur undanfarna daga verið lögreglunni á Hvolsvelli til aðstoðar vegna aukins álags eftir að eldgosið í Eyjafjallajökli hófst. Hefur sérsveitin aðstoðað við lokanir og eftirlit, auk þess að manna sólarhringsvaktir.

Björgunarsveitarmenn hafa meðal annars verið við Skóga þar sem þeir hafa fylgst með göngufólki á leið upp Fimmvörðuháls að gosstöðvunum. Talið er að um tvö þúsund manns hafi farið að þeim í gær. Á laugardag fóru þrjú til fimm þúsund manns að gosinu.

Í gærkvöld hafði ekki verið tekin ákvörðun um hvort stöðug vakt verði við Skóga fyrstu daga vikunnar. Fastlega má gera ráð fyrir að svæðið verði vaktað þegar líður á vikuna og fólk í páskafríi fer að streyma að.

Björgunarsveitarmenn höfðu í nógu að snúast um helgina. Fimmtíu göngumönnum var komið til aðstoðar á Fimmvörðuhálsi í gær. Þar á meðal var ungur maður, sem hafði lagt í gönguna klæddur í strigaskó, leðurjakka og gallabuxur, og var með merki um ofkælnum. Langflestir göngumannanna munu þó hafa áttað sig á aðstæðum og verið vel búnir. Þá fréttist af vélsleðamönnum sem villst höfðu uppi á Mýrdalsjökli. Hópurinn rataði þó að lokum til baka.

Búist er við svipuðu veðurlagi út vikuna og síðustu daga, samkvæmt veðurspá Veðurstofu Íslands. Göngumenn á Fimmvörðuhálsi mega því áfram búast við kaldri norðanátt, stífum vindi á köflum, góðu skyggni og frosti á bilinu 7 til 14 stig.

holmfridur@frettabladid.is

VIÐ JAÐAR HRAUNSINS Mikill fjöldi fólks var á ferð uppi á Fimmvörðuhálsi um helgina á hinum ýmsu farartækjum, svo sem snjósleðum og reiðhjólum, en flestir á tveimur jafnfljótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI JÓSEFSSON

Snemmbúið sumar í ferðaþjónustunni

Nokkuð hefur borið á fyrirspurnum frá erlendum ferðamönnum eftir að gosið hófst á Fimmvörðuhálsi og þá sérstaklega allra síðustu daga að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingarfulltrúa Icelandair. Hann segir að haldi gosið áfram næstu vikur og mánuði muni það skipta sköpum fyrir ferðaþjónustu í landinu. „Við urðum strax vör við fyrirspurnir, og einhverjar pantanir, þegar gosið hófst og þeim hefur fjölgað síðustu daga," segir Guðjón „Við auðvitað drögum athygli að gosinu í okkar auglýsingum á Netinu og víðar en við búumst frekar við því að haldi gosið áfram í einhverjar vikur eða mánuði munum við finna verulega fyrir því í ferðamannaþjónustunni," segir Guðjón og bætir við að fyrirspurnunum megi skipta í tvennt, annars vegar frá vísindamönnum og þeim sem markvisst elta eldgos um allan heim og svo fólki sem er ekki endilega sérstakt áhugafólk um eldgos.

Friðrik Pálsson, staðarhaldari á Hótel Rangá og Hótel Skógum á Suðurlandi, segir hótelin hafa verið uppbókuð frá því að gosið hófst en þar dvelji aðallega Íslendingar. „Enn sem komið er eru erlendu gestirnir fjölmiðlafólk þótt nokkuð hafi verið um fyrirspurnir. Það má eiginlega segja að þetta sé snemmbúið sumar í ferðaþjónustunni." - jma

DÝR DROPI Samstaða ætlar að knýja fram verðlækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðgerðir félagsins Samstöðu:

Sniðganga flest olíufélög í viku

NEYTENDUR Félagið Samstaða ætlar í dag að draga nafn eins olíufélags úr potti og sniðganga síðan öll önnur olíufélög í eina viku.

Félagið, sem er stofnað af bæði atvinnubílstjórum og almennum bifreiðaeigendum, kynnti aðgerðir sínar fyrir viku. Tilgangur aðgerðanna er að knýja fram lækkun eldsneytisverðs.

„Tilviljun ein mun ráða hvaða félag verður fyrir valinu," segir á heimasíðu félagsins. Í fréttatilkynningu frá félaginu í gær segir að yfir þúsund manns hafi þegar ákveðið að taka þátt í aðgerðunum. - gb

Flokksstjórn Samfylkingarinnar:

Styður þjóðaratkvæði um kvótakerfið

STJÓRNMÁL. Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar, sem haldinn var á laugardag, lýsti stuðningi við hugmyndir um að að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð fiskveiðistjórnarkerfisins

„Tryggt verði í nýjum lögum að eðlilegur arður af fiskveiðiauðlind Íslands verði nýttur í almannaþágu en ekki í þágu sérhagsmuna eins og hingað til, segir í ályktun flokksstjórnarinnar. Einnig segir að fiskveiðistjórnunarkerfið „skuli byggt á atvinnufrelsi og alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum". - pg

Allsherjarnefnd að ljúka meðferð frumvarps um stjórnlagaþing:

Stjórnlagaþing kosið í október?

ALÞINGI Formaður allsherjarnefndar Alþingis stefnir að því að ljúka afgreiðslu frumvarps um stjórnlagaþing upp úr páskum. Lög verði sett fyrir sumarhlé Alþingis og kosið til stjórnlagaþings í október á þessu ári.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður allsherjarnefndar, sagði í að nefndin hefði haldið fjölmarga fundi um frumvarp sem forsætisráðherra lagði fram í haust. Samkvæmt því átti að kjósa til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningunum 29. maí.

Steinunn segir að komið sé fram yfir þann tíma að það sé hægt. Nefndin hefur haldið sex til sjö fundi um málið. „Auðvitað eru 100 skoðanir á því hvernig lög um stjórnlagaþing eigi að vera en mitt áhugamál er að ná þessu út úr nefndinni sem fyrst þannig að við getum sett stjórnlagaþing á laggirnar sem fyrst," segir hún. „Tækifærið er núna og ég held að það komi ekki aftur.

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í allsherjarnefnd, dregur í efa að málið klárist fyrir vor. „Mér hefur sýnst að stuðningsmenn málsins hafi mjög ólíkar hugmyndir innbyrðis um hvernig þeir ætla að lenda þessu," segir hann. Meirihlutinn hafi ekki komið sér saman um hvernig velja eigi á þingið og starfsemi þess að öðru leyti. - pg

STJÓRNLAGAÞING Hávær krafa um stjórnlagaþing kom fram í búsáhaldabyltingunni. Nú er Alþingi með frumvarp um slíkt þing til meðferðar. Hugsanlegt er að kosið verði til þingsins í október.

www.ellingsen.is

ÆVINTÝRALEGAR FERMINGAGJAFIR Í ELLINGSEN

20% AFSLÁTTUR

DASKA PASS
Herragönguskór
Verð áður: 34.990

27.992 kr.

DASKA PASS
Dömugönguskór
Verð áður: 34.990

27.992 kr.

Y. TAGORI
Unglingaskór
Verð áður: 12.990

10.320 kr.

COLUMBIA BAKPOKI
Verð áður: 8.900

7.120 kr.

FARTÖLVUPÚÐI
Verð áður: 5.495

4.396 kr.

FARTÖLVUTASKA
Verð áður: 8.995

7.196 kr.

DEVOLD EXPEDITION

Dömu- og herrabolur	Dömu- og herrabuxur
Verð áður: 8.790	Verð áður: 8.790
7.032 kr.	**7.032 kr.**

DEVOLD MULTI SPORT

Dömu- og herrabolur	Dömu- og herrabuxur
Verð áður: 8.490	Verð áður: 7.990
6.792 kr.	**6.392 kr.**

HAWKE SJÓNAUKI
Verð áður: 3.990

3.192 kr.

SHIMA VEIÐISTÖNG
Verð áður: 8.990

SÉRTILBOÐ **4.990 kr.**

TJALD
Létt, tveggja manna tjald.
Verð áður: 17.990

14.392 kr.

FLUGUHNÝTINGASETT
Verð áður: 14.490

11.592 kr.

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

PIPAR\TBWA - SÍA - 100452

GENGIÐ 26.03.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	128,98	129,60
Sterlingspund	191,75	192,69
Evra	172,46	173,42
Dönsk króna	23,169	23,305
Norsk króna	21,289	21,415
Sænsk króna	17,764	17,868
Japanskt jen	1,3944	1,4026
SDR	195,12	196,28

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,6246

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Listaverkasali og núverandi ritstjóri stærstu nýju hluthafarnir:

Eigendaskipti á DV og dv.is

FJÖLMIÐLAR Hreinn Loftsson og fyrirtæki hans, Birtíngur hf., hafa selt rekstur dagblaðsins DV og fréttavefsins dv.is til nýrra eigenda. Nýtt hlutafélag, DV ehf., sem gekk að kaupunum, er að stærstum hluta í eigu Lilju Skaftadótttur listaverkasala og Reynis Traustasonar, ritstjóra DV. Starfsmönnum verður gert kleift að eignast hlut í blaðinu en í fréttatilkynningu frá nýjum eigendum kemur fram að hópurinn sem stendur að kaupunum verði kynntur nánar í DV eftir páska.

Í tilkynningu frá hópnum er jafnframt sagt að lögð verði áhersla „á að takmarka áhrif eigendavalds á DV, en í samþykktum hins nýja félags er kveðið á um að enginn einn hluthafi geti farið með meira en 26 prósent atkvæða, óháð hlutafjáreign.“

REYNIR TRAUSTASON

LILJA SKAFTADÓTTIR

Rekstur blaðsins verður óbreyttur og munu útgáfudagar verða jafnmargir og áður sem og ritstjórn blaðsins. Lilja Skaftadóttir hefur starfað sem listaverkasali í Frakklandi og er lítt þekkt nafn í viðskiptalífinu hérlendis. Hún var framleiðandi heimildarmyndarinnar „Maybe I should have“ og skipaði 2. sæti á lista Borgarahreyfingarinnar í NV-kjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar. Auk þess að eiga í DV er hún meðal hluthafa í vefritinu Smugan. - jma

Uppfylla ekki öryggiskröfur:

200 flugfélög á bannlista ESB

BRUSSEL, AP Evrópusambandið uppfærir í vikunni umdeildan lista yfir erlend flugfélög sem ekki fá að fljúga til Evrópu. Listinn hefur að geyma nöfn meira en 200 flugfélaga sem sambandið telur ekki uppfylla alþjóðlega öryggisstaðla. Gagnrýnendur hafa bent á að mörg félaganna séu ekki lengur starfandi.

Listinn var endurskoðaður á síðasta ári til að leyfa einstaka flugvélum sem taldar voru öruggar, en voru frá flugfélögum á bannlista, að fljúga til Evrópu. - gág

DMITRÍ MEDVEDEV Forsætisráðherra Rússlands drepur tímann.
NORDICPHOTOS/AFP

Medvedev gerir breytingar:

Rússar fækka tímabeltum

RÚSSLAND, AP Rússar hafa fækkað tímabeltum landsins úr 11 niður í níu. Dmitrí Medvedev forseti gaf út tilskipun um þetta og tóku breytingarnar gildi í gærmorgun, þegar flestir Rússar flýttu klukkunni yfir í sumartíma.

Þetta þýðir að Chukotka, austasta hérað landsins, er nú níu tímum á eftir Kalíníngrad-svæðinu við Eystrasalt. Einnig var ákveðið að Samara og Udmurtia, tvö héruð miðsvæðis í Rússlandi, verði á sama tímabelti og Moskva.

Íbúar héraðanna eru misánægðir með breytinguna. Einkum eru íbúar í Samara ósáttir við að sólsetur að vetrarlagi verði skömmu eftir hádegi. - gb

GRIKKLAND

Sprengja sprakk í Aþenu

Einn maður lét lífið og annar særðist þegar sprengja sprakk í Patissíuhverfi í Aþenu. Talið var að hinn látni hafi verið með sprengjuna á sér þegar hún sprakk.

Hæsnabóndi segir tjón í bruna helst tilfinningalegt

Júlíus Már Baldursson á Tjörn á Vatnsnesi horfði á ævistarf sitt fuðra upp í eldi aðfaranótt sunnudagsins, þegar útihús hans brunnu með 250 landnámshænsnum, fjórum köttum og 200 eggjum við það að klekjast út.

ELDSVOÐI „Ég er bara í áfalli og enn að átta mig á þessu,“ segir Júlíus Már Baldursson, stærsti landnámshænuræktandi landsins, á bænum Tjörn í Vatnsnesi. Þar brunnu útihús, áföst íbúðarhúsi Júlíusar, til kaldra kola aðfaranótt sunnudagsins. Í húsunum voru 250 landnámshænur, fjórir heimiliskettir og um þúsund egg með lifandi ungum, sem áttu að klekjast út á næstu fjórum dögum. Talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni.

Júlíus varð eldsins var um fjögur leytið í fyrrinótt. „Ég fór á Akureyri á laugardagskvöldið. Ég kom heim um tvöleytið. Ég setti kisurnar inn í hús, gaf þeim að éta og klappaði þeim, lokaði svo á eftir mér og fór svo inn í háttinn. Ég vaknaði svo aftur um fjögurleytið og þá logaði allt stafnanna á milli.“

Peningalegt tjón Júlíusar hleypur á milljónum en fjöldi búra, útungunarvéla, safn drykkjar- og fóðuríláta og talsvert magn hand- og rafmagnsverkfæra brann. Stærsta tjón hans er þó tilfinningalegt. „Mesta tjónið er hænurnar og kisurnar mínar. Þarna var hún gamla Ráðhildur mín, sex ára blanda af skógarketti og persa. Högninn var fjögurra ára og svo voru það kettlingarnir þeirra tveir.“

Í hænsnahópnum voru einar fimmtán hænur um og yfir tíu ára og fjöldi margverðlaunaðra fugla, bæði hanar og hænur. Júlíus segir ekki síður tilfinningalegan missi að þeim en köttunum. „Margar hænanna voru vanar að koma til mín, setjast á höndina á mér, gogga í eyrnasneplana á mér og tala við mig, ef svo má segja. Sumir halda að maður sé klikkaður að segja að maður tengist dýrunum tilfinningaböndum, en það er satt.“

Um þrjú til fjögur þúsund landnámshænur eru til á Íslandi. Það er Júlíusi og öðrum í Eigenda- og ræktendafélagi íslenskra landnámshænsna að þakka að blóðtakan er ekki meiri en raun ber vitni fyrir stofninn, en hópurinn hefur markvisst ræktað og dreift honum um landið. Stofninn er því ekki í eins bráðri útrýmingarhættu og hann var fyrir 30 árum, þegar Júlíus hóf sína ræktun.

Margir hafa boðið Júlíusi aðstoð sína. „Ég hef fengið ótal símhringingar í dag frá fólki hvaðanæva að af landinu, sem hvetur mig áfram og margir hafa boðið mér nýjar hænur úr sínum stofni. Öll þessi hvatning herðir mann og hvetur mann áfram, mér þykir mjög vænt um hana.“

holmfridur@frettabladid.is

JÚLÍUS MÁR BALDURSSON LANDNÁMSHÆNURÆKTANDI Ævistarf Júlíusar fuðraði upp í eldsvoða aðfaranótt sunnudagsins, þegar 250 landnámshænur brunnu inni. Hann hefur síðustu 30 ár helgað sig ræktun á landnámshænunum. MYND/ ÚR EINKASAFNI

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

FROST Á FRÓNI
Það verður kalt á landinu næstu daga enda norðlægar áttir ríkjandi. Um norðan- og austanvert landið má búast við snjókomu eða éljum en björtu eða nokkuð björtu veðri sunnan og vestan til.



Á MORGUN Víða strekkingur með ströndum annars hægari.

MIÐVIKUDAGUR Strekkingur með SA-strönd annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	12°
Berlín	10°
Billund	7°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	21°
London	10°
Mallorca	19°
New York	17°
Orlando	23°
Ósló	2°
París	16°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Frumherji

Rúðuþurrkur?

Skyggni er ekkert vandamál í brakandi blíðu þegar sólin er hátt á lofti. Í úrkomu og slæmu veðri er annað uppi á teningnum. Þá verða rúðuþurrkurnar að vera í lagi til að geta hreinsað rúðuna fyrirvaralaust. Til viðbótar við rúðuþurrkur skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun. **Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.**

ENNEMM / SÍA / NM41567

Frumherji hf - sími 570 9000 - **Þjónustuver og tímapantanir 570 9090** - www.frumherji.is

KJÖRKASSINN

Ætlar þú að reyna að sjá eldgosið á Fimmvörðuhálsi berum augum?

Já 32,3%

Nei 67,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð(ur) með eigendaskiptin á DV?

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

SINUBRUNI VIÐ HVALEYRARVATN 2008 Sinubruninn við Hvaleyrarvatn nú var á svipuðum slóðum og fyrir tveimur árum. Þá hlutu þrír ungir menn dóm fyrir að kveikja í sinunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sinubruni við Hvaleyrarvatn:

Fimm hektarar lands brunnu

SINUBRUNI Fjórir til fimm hektarar af sinu, lúpínu og trjám urðu eldi að bráð í Seldal við Hvaleyrarvatn á laugardagskvöldið. Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu kom á svæðið skömmu fyrir miðnætti og hafði slökkt í sinunni um tvöleytið. Það var svo aftur kallað á vettvang í gærdag, en þá hafði eldur tekið sig upp á ný.

Bruninn nú er á svipuðum slóðum og í apríl fyrir tveimur árum, þegar mikið tjón varð í sinubrunum við Hvaleyrarvatn. Þrír ungir menn hlutu þá þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir að kveikja í sinunni. Talið er að nú sé einnig um íkveikju að ræða. - hhs

Eldur kom upp í Fellsmúla:

Kona stökk út um gluggann

ELDSVOÐI Kona stökk fram af svölum fjölbýlishúss að Fellsmúla 20 á föstudagskvöld, eftir að eldur kom upp í íbúðinni. Fjórir aðrir voru í íbúðinni en þeir komust allir út um aðalinngang íbúðarinnar. Konan var flutt á slysadeild en þar fengust engar upplýsingar um hversu alvarleg meiðsl hennar voru.

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu slökkti eldinn og reykræsti íbúðina og stigaganginn. Samkvæmt upplýsingum þaðan leit út fyrir að eldurinn hafi komið upp í rúmdýnu. - hhs

Keppni í forritun:

Sigursælir úr Tækniskóla

SAMKEPPNI Allir sigurvegarar utan einn í forritunarkeppni framhaldsskólanna, sem fram fór um helgina, eru úr Tækniskólanum. Sá sem ekki var í Tækniskólanum er nemi í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Um níutíu framhaldsskólanemar tóku þátt í keppninni, sem haldin var í samstarfi tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík, Nýherja og CCP. Markmið keppninnar var að efla og örva forritunaráhuga ungmenna. - jma

Ericsson merkir hvernig háhraðatengingar breyta notkunarmynstri fólks á þráðlausum netum:

Meira sent af gögnum en tali í fyrsta sinn

UPPLÝSINGATÆKNI Magn gagnasendinga fór í fyrsta sinn fram úr umferð talaðs máls í þráðlausum fjarskiptum í desember síðastliðnum. Farsímafyrirtækið Ericsson greindi frá þessu á CTIA Wireless 2010 ráðstefnunni í Las Vegas í Bandaríkjunum í liðinni viku. Niðurstaðan er fengin úr mælingum Ericsson á gagnaumferð um heim allan.

Meðal þess sem mælingar Ericsson sýna fram á er að gagnamagn í umferð hefur aukist á heimsvísu um 280 prósent á hvoru síðustu tveggja ára. Að auki er því spáð að umferðin tvöfaldist á hverju ári, næstu fimm árin.

Að því er fram kemur í tilkynningu Ericsson nam heildargagnamagn í hverjum mánuði, bæði rödd og gögn, um það bil 140 þúsund terabætum þegar umskiptin áttu sér stað. Þá sýna mælingar fyrirtækisins að umferð á svokölluðum „þriðju kynslóðar“ (eða 3G) farsímanetum er komin fram úr hefðbundinni GSM (2G) umferð.

„Tímamótin eru mikilvæg. Um 400 milljónir þráðlausra háhraðaáskrifta geta nú af sér meiri umferð gagna en nemur umferð talaðs máls í farsímaáskriftum 4,6 milljarða manna um heim allan,“ er haft eftir Hans Vestberg, forstjóra Ericsson. - óká

Í SÍMANUM Þráðlausar háhraðatengingar fyrir farsíma og önnur tæki hafa aukið gagnastreymil á þráðlausum Netum. MYND/SONY ERICSSON

MANNLÍF Óvissa um Icesave hefur áhrif á fjármögnun ýmissa verkefna. Töf á byggingu álvers í Helguvík og framleiðsluaukningu í Straumsvík er þjóðarbúinu gríðarlega dýr. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Árstöf vegna Icesave kostar 50 milljarða

Verði töf á stóriðju um eitt ár vegna óvissu um Icesave verður landsframleiðsla næstu þrjú ár 50 milljörðum lægri en ella samkvæmt útreikningum ASÍ. Verði framkvæmdirnar slegnar af verður landsframleiðslan 133 milljörðum lægri.

EFNAHAGSMÁL Tafir á framkvæmdum vegna stóriðju valda því að landsframleiðsla mun dragast saman í ár miðað við í fyrra. Þetta kemur fram í útreikningum hagfræðinga Alþýðusambands Íslands fyrir Fréttablaðið. Frekari tafir munu orsaka minni landsframleiðslu sem hleypur á milljarðatugum.

Fréttablaðið óskaði eftir því að áhrif tafa vegna Icesave yrðu metin. Erfitt er að segja með fullri vissu hvað er beint hægt að tengja við Icesave. Engum blöðum er þó um það að fletta að óvissa vegna samninganna hefur valdið erfiðleikum í fjármögnun, og nægir að vísa til orða seðlabankastjóra um áhrif á höft og gengið.

Þó takist að eyða óvissu vegna Icesave og framkvæmdir við stóriðju fari á fullt í júní, er engu að síður samdráttur í landsframleiðslu á milli ára. Verg landsframleiðsla færi úr 1.500 milljörðum árið 2009 í 1.442 árið 2010. Hún mundi aukast lítillega og verða 1.481 milljarður árið 2011 og 1.572 árið 2012.

Þetta er bjartsýnisspá og gerir ráð fyrir að semjist um Icesave og fjármögnun gangi hratt og snurðulaust fyrir sig í kjölfarið. Allsendis er óvíst hvort svo verður.

Tefjist þessar framkvæmdir um eitt ár og þær fari á fullt árið 2011 líta málin mun verr út. Landsframleiðslan verður þá 12,5 milljörðum lægri árið 2010, 16,5 árið 2011 og tæpum 13 milljörðum árið 2012. Þetta þýðir að á þessum þremur árum verður landsframleiðslan 48 milljörðum minni en ella.

Verði stóriðjuframkvæmdirnar slegnar af hækkar sú tala umtalsvert. Uppsöfnuð lægri landsframleiðsla, árin 2010 til 2012, yrði 133 milljarðar króna. Þá má nefna að heildarfjármunamyndum yrði 205 milljörðum minni en í bjartsýnisspánni.

Með stóriðjuframkvæmdum er átt við álver í Helguvík og endurnýjun í Straumsvík. Þá eru tengd orkuver tekin með í dæmið.

Fleira er hægt að taka með í reikninginn þegar kostnaður við Icesave er reiknaður, til dæmis atvinnuleysi. Hver atvinnuleysisprósenta kostar 2,8 til 3 milljarða í atvinnuleysisbætur, samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Við það bætist minni verðmætasköpun, sem gera má ráð fyrir að kosti að minnsta kosti sömu upphæð. Hvert prósent er þá að lágmarki 5,6 til 6 milljarðar króna.

kolbeinn@frettabladid.is

ÁHRIF ÓVISSU UM FJÁRMÖGNUN

Dæmi 1 - stóriðjuframkvæmdir hefjast á miðju árinu 2010

	2009	2010	2011	2012
Fjármunamyndun	211.831	213.360	291.449	333.144
Verg landsframl.	1.500.162	1.442.412	1.480.904	1.571.640
Atvinnuleysi	8,0%	9,1%	8,9%	7,9%
Fjöldi atvinnulausra	13.400	14.700	14.300	12.900

Dæmi 2 - stóriðjuframkvæmdir frestast til ársins 2011

	2009	2010	2011	2012
Fjármunamyndun	211.831	181.503	262.359	345.999
Verg landsframl.	1.500.162	1.429.819	1.464.408	1.550.809
Atvinnuleysi	8,0%	10,1%	10,0%	8,8%
Fjöldi atvinnulausra	13.400	16.300	16.100	14.200
Mismunur frá dæmi 1				
Fjármunamyndun	0	-31.858	-29.090	12.855
Landsframleiðslan	0	-12.593	-16.496	-20.831
Hlutfallsmunur	0,0%	-0,9%	-1,1%	-1,3%

Við verðum af 49,920 milljörðum++nu 2010 til 2012

Dæmi 3 - Hætt við stóriðjuframkvæmdir

	2009	2010	2011	2012
Fjármunamyndun	211.831	181.335	196.594	254.746
Verg landsframl.	1.500.162	1.426.882	1.430.381	1.504.828
Atvinnuleysi	8,0%	10,4%	10,4%	9,4%
Fjöldi atvinnulausra	13.400	17.000	16.800	15.300
Mismunur frá dæmi 1				
Fjármunamyndun	0	-32.025	-94.855	-78.395
Landsframleiðslan	0	-15.530	-50.523	-66.812
Hlutfallsmunur	0,0%	-1,1%	-3,4%	-4,3%

Við verðum af 132,865 milljörðum í landsframleiðslu á tímabilinu 2010 til 2012

Heimild: Hagdeild ASÍ

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar og bæklinga. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin.

- Photoshop CS4
- Illustrator CS4
- InDesign CS4

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)

Kvöldnám hefst 6. apríl og lýkur 27. maí.
Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,-
Allar kennslubækur innifaldar

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

Skeifan 11B • 108 Reykjavík
Sími 511-3080 • tsk@tsk.is
www.tsk.is

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

SPRENGIVIKA

í fullum gangi

TILBOÐ UM ALLA BÚÐ!

GLÆSILEG LJÓSAKRÓNA
VERÐ 69.900 kr.

LOFTLJÓS
Verð 34.900 kr.
TILBOÐ 17.000 kr.

GÓLFLAMPI
Verð 79.900 kr.
TILBOÐ 40.000 kr.

TILVALIN FERMINGAR-GJÖF

GÓLFLAMPI
Verð 23.900 kr.
TILBOÐ 15.000 kr.

BORÐLAMPI
Verð 7.590 kr.
TILBOÐ 5.000 kr.

BORÐLAMPI
Verð 18.900 kr.
TILBOÐ 10.000 kr.

LOFTLJÓS
Verð 49.900 kr.
TILBOÐ 30.000 kr.

LESLAMPI
Verð 14.900 kr.
TILBOÐ 8.000 kr.

GÓLFLAMPI
Verð 18.900 kr.
TILBOÐ 9.000 kr.

TILVALIN FERMINGAR-GJÖF

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað er MÍR, Menningartengsl Íslands og Rússlands, gamalt um þessar mundir?*

2 *Hvaða íslenska hljómsveit ætlar í samstarf við Henson um framleiðslu á bolum og svitaböndum?*

3 *Hvaða leikföngum er fólk hvatt til að henda í ljósi dauða tíu mánaða stúlku í Kanada sem kafnaði út af slíku leikfangi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Sáttatilraunir á fundi sem haldinn var í beinni útsendingu í Taílandi:

Enginn árangur í sjónvarpinu

TAÍLAND, AP Abhisit Vejjajiva, forsætisráðherra Taílands, átti í gær fund í beinni sjónvarpsútsendingu með leiðtogum mótmælendahreyfingar sem krefjast þess að ríkisstjórn hans víki.

Engin niðurstaða fékkst á fundinum, en frekari tilraunir til sátta voru boðaðar á næstu dögum. „Krafa okkar er einföld og skýr," sagði Veera Muksikapong, leiðtogi mótmælenda. „Leysið upp þingið og látið fólkið kjósa á ný." Andrúmsloftið var stíft, en Abhisit spurði á móti hvort afsögn myndi nokkuð leysa vandann. - gb

FYLGST MEÐ ÚTSENDINGU Viðbrögð stjórnarandstæðings. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Styrkir til atvinnumála kvenna:

Um 30 milljónir til 55 verkefna

NÝSKÖPUN Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur úthlutað rúmum 30 milljónum króna í styrki til 55 verkefna, sem flokkast undir atvinnumál kvenna. Sótt var um styrki til rúmlega 300 verkefna og hafa umsóknir aldrei verið fleiri frá því að árlegar styrkveitingar hófust úr sjóði til að efla atvinnusköpun kvenna árið 1991. Meðal verkefna sem hlutu styrk var vöruþróun og markaðssetning á morgunkorni og upplýsingaveita um aðgengismál í þjónustufyrirtækjum. - bs

THULE SWEDEN
Hjólafestingar
Stilling 55 ára
Stilling hf. · Sími 520 8000
www.stilling.is · stilling@stilling.is
Stilling

Jóhanna Sigurðardóttir vill fækka ráðuneytum úr tólf í níu strax á þessu ári:

Raunsætt að fækka stofnunum ríkisins um 30-40%

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vill fækka ráðuneytum úr tólf í níu á þessu ári og telur raunsætt að fækka megi ríkisstofnunum um 30-40 prósent á næstu tveimur til þremur árum.

Þetta kom fram í ræðu hennar á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á laugardag. Jóhanna talaði þar fyrir því að félagsmála- og heilbrigðisráðuneyti verði sameinuð í nýtt velferðarráðuneyti, landbúnaðar, sjávarútvegs- og iðnaðarráðuneyti verði sameinuð í atvinnuvegaráðuneyti, en samgöngu- og dómsmálaráðuneyti verði lögð saman í innanríkisráðuneyti. Slík sameining opni á nýja nálgun í stjórnsýslu með sameiningu stofnana. „Sé horft til þess að ríkisstofnanir eru í dag um tvö hundruð talsins og margar þeirra sinna svipuðum verkefnum er ljóst að ná má fram verulegri langtímahagræðingu í rekstri með því að sameina stofnanir og endurskoða verkaskiptingu á milli þeirra. Ég tel að það sé raunsætt markmið að fækka ríkisstofnunum um 30-40 prósent á næstu 2-3 árum," sagði Jóhanna. „Hér yrði um að ræða umfangsmestu breytingar og uppstokkun sem átt hefur sér stað í ríkisrekstri á Íslandi."

- pg

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um fækkun ráðuneyta með sameiningu á kjörtímabilinu. Á laugardaginn sagðist ráðherra vilja ráðast í fækkunina á þessu ári.

Feðgarnir tryggja að allt gangi smurt

Þú getur treyst því að við sjáum betur um bílinn þinn

Feðgarnir Jón og Árni og félagar í smur- og smáviðgerðaþjónustu HEKLU tryggja stuttan biðtíma. Þeir eru snöggir að skipta um perur, smyrja eða skipta um þurrkur, dekk og fleira fyrir þig, enda verkstæðið vel tækjum búið. Láttu okkur um að smyrja bílinn þinn betur.

Smurþjónusta | Rúðuþurrkur, þrif og perur | Sérstök hraðþjónusta í boði | Hjólbarðaþjónusta

Reynslan er góð!

HEKLA

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

Sæmileg fermingargjafirnar

fást í Sense og Sony Center Kringlunni

HEPPIN FERMINGARBÖRN GETA UNNIÐ KÚPON 50.000 kr 30.000 kr 20.000 kr

EF KEYPT ER MYNDAVÉL

HÁGÆÐA MYNDAVÉL

Sony CyberShot

- 14.1 megapixlar
- 4 x optical aðdráttur
- 9 punkta Auto Focus
- HD videoupptaka
- 2.7” skjár með mikilli skerpu
- Face Detection
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum

Þú kaupir Sony CyberShot, færð **4.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 41.990 kr.

Þú sparar: 11.000 kr.

STAFRÆN MYNDAVÉL

Sony CyberShot

- 10.1 megapixlar
- 3x optical aðdráttur
- 2.4” skjár með mikilli skerpu
- Face Detection
- Hristivörn
- Til í bleiku, svörtu og silfri

Þú kaupir Sony CyberShot, færð **4.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 20.990 kr.

Þú sparar: 11.000 kr.

LJÓSMYNDIR & FULL HD VIDEO

Canon EOS 500D

- 15.1 megapixlar
- Full HD (1080p) video
- High ISO allt að 12800
- Fangar 3.4 ramma á sek.
- 3.0” skjár með Live View
- 9 punkta AF fókuspunktar
- DIGIC 4 örgjörvi

Þú kaupir EOS 500D án linsu, færð **15.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir. Á tilboði til þín: **149.900 kr.**

Þú kaupir EOS 500D með 18-55 IS linsu, færð **15.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 169.900 kr.

Þú sparar: 22.000 kr.

FJÖLSKYLDUVÆN

Canon PowerShot SX120 IS

- 10.0 megapixlar
- 10x optical aðdráttarlinsa
- Smart Auto velur bestu tökustillinguna
- 3.0“ LCD skjár
- Face og Motion Detection
- Face Select & Track
- Face Self-Timer auðveldar hópmyndir
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum
- VGA upptaka

Þú kaupir PowerShot SX120 IS, færð **4.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir. **Á tilboði til þín: 52.900 kr.**

Þú sparar: 11.000 kr.

MIÐAÐU OG SKJÓTTU

Canon PowerShot A3000 IS

- 10.0 megapixlar
- 3.3x optical aðdráttur
- 15 tökustillingar
- 1cm Macro ljósmyndun
- Face og Motion Detection
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum
- 2.5“ LCD skjár
- VGA og LP vídeóupptaka

Þú kaupir PowerShot A3000 IS, færð **3.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 39.900 kr.

Þú sparar: 10.000 kr.

INNBYGGÐ HRISTIVÖRN

Sony Alpha 230 & linsa

- 10.2 megapixla CCD myndflaga
- ISO 100 - 3200
- BIONZ örgjörvi
- 9 punkta fókuskerfi
- Shutter speed 1/4000 sek.
- Flash sync 1/250
- Tekur 2.5 ramma á sekúndu

Þú kaupir Sony Alpha 230 með 18-55 linsu, færð **10.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 89.990 kr.

Þú sparar: 17.000 kr.

Gildir eingöngu í Sense og Sony Center Kringlunni til 15. apríl 2010. Ekki nauðsynlegt að framvísa kúponum.

sense center

Sony Center

512 54 01
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

STÆÐI FYRIR GOLFVÖLL Eigandi Brautarholts 1 á Kjalarnesi undirbýr gerð golfvallar á landi sínu en neitar að uppfylla kröfur borgarinnar um að gera ráð fyrir stofnstíg um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/

Golfvöllur strandar á kröfu um göngustíga

Nýr og stór golfvöllur í einkaframkvæmd á Kjalarnesi fær jákvæðar undirtektir skipulagsfulltrúa en strandar á því að landeigandinn hafnar því að borgin leggi stofnstíg um svæðið. Eigandinn vill takmörkun á nálægt svínabú vegna ólyktar.

SKIPULAGSMÁL Ekki fæst leyfi fyrir nýjum tuttugu holu golfvelli í einkaeigu í landi Brautarholts á Kjalarnesi þar sem eigandinn neitar að verða við kröfu Reykjavíkurborgar um stíg fyrir almenning í gegn um völlinn.

„Það er mikill ókostur að hafa opinberan stofnstíg í gegn um landið eða á þessu svæði," segir landeigandinn í Brautarholt, Bjarni Pálsson, í bréfi til skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem fyrir sitt leyti stendur fast á þeirri kröfu að stofnstígur verði um landið í samræmi við aðalskipulag svæðisins.

Bjarni segir stíginn muni rýra landið of mikið. „Framkvæmd golfvallarins er alfarið einkaframkvæmd og er líklegt að farið verði aðrar leiðir með rekstur þessa golfvallar en aðra velli í nágrenninu," segir í bréfi Bjarna sem bendir á að ýmsir stígar og vegir séu þegar um landið þótt „gestaumferð" um þá sé undir þeim formerkjum að um einkaland sé að ræða. „Þessi einkaframkvæmd er í samkeppni við opinbera starfsemi annarra golfvalla sem næstir eru. Því er líklegra en ekki að aðgengi að svæðinu verði með takmörkunum þó það liggi ekki fyrir enn."

> Því er hafnað alfarið að starfsemi eða búseta á einkalandi okkar þurfi að taka mið af mengun frá svínabúi.
>
> **BJARNI PÁLSSON**
> LANDEIGANDI

Í umsögn skipulagsfulltrúa, sem synjaði um heimild fyrir golfvellinum vegna afstöðu Bjarna til stofnstígsins, kemur fram að verkefnið sem slíkt er litið jákvæðum augum. „Að öðru leyti er vel tekið í hugmynd umsóknaraðila um gerð golfvallar á svæðinu þar sem mikil eftirspurn er á höfuðborgarsvæðinu eftir slíkri aðstöðu og núverandi klúbbar umsetnir," segir skipulagsstjóri í umsögn sinni.

Hliðarangi af málinu eru langvarandi áhyggjur Bjarna af lyktarmengun svínabúsins í Brautarholti. Bjarni telur ekki hafa verið staðið við skilyrði um mengunarvarnir í starfsleyfi fyrir svínabúið og vill takmarkanir á starfsemi þess. „Því er hafnað alfarið að starfsemi eða búseta á einkalandi okkar þurfi að taka mið af mengun frá svínabúi," segir í áðurnefndu bréfi hans.

Skipulagsfulltrúinn segir söguna af lyktarmenguninni ekki hafa skipulagsleg áhrif. „Hins vegar þyrfti lending að komast í þetta mál á einn eða annan veg sem fyrst fyrir alla aðila – svo ekki komi til hagsmunaárekstra síðar meir." gar@frettabladid.is



Nýlegir og í toppstandi
Úrval af hagkvæmum díseljeppum í ÖSKJU

DÆMI:

KIA Sorento EX 2007, ekinn 63 þús.	**Verð 3.640.000**
KIA Sorento EX Luxury 2007, ekinn 60 þús.	**Verð 3.960.000**
KIA Sorento EX 2007, ekinn 58 þús.	**Verð 3.290.000**
KIA Sorento EX 2007, ekinn 65 þús.	**Verð 3.590.000**
KIA Sorento EX 2007, ekinn 58 þús.	**Verð 3.690.000**
KIA Sportage EX 2006, ekinn 46 þús.	**Verð 3.190.000**

Við eigum toppeintök af notuðum **Kia Sorento** og **Kia Sportage.** Komdu í ÖSKJU á **Krókhálsi 11** eða farðu á www.askja.is og finndu gæðajeppa að þínu skapi.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

ASKJA

Nýtt! Framhaldspættir á já.is, og þú getur haft áhrif á söguna!!!
Hver er ég?
Ég „gulu-síða" allt til að komast á sporið.
Þú skrifar söguna!
Taktu þátt!
Málum bæinn gulan...
já
118
ja.is
Símaskráin

TAKTU ÞÁTT og ef þitt innlegg hefur áhrif á næsta þátt geturðu unnið verðlaun frá þeim fjölda fyrirtækja sem eru skráð á Gulu síðurnar í **118**, Já.is og í Símaskránni. Og jafnvel orðið gestur í næsta þætti og prófað eitthvað nýtt og spennandi með Ívari.

Fylgist með þáttunum á Já.is

ÍSLENSKA SIA.ISJAA 49057 3/10

Líf færist í hlutabréfamarkað:

Færeyingar skráðir í Noregi

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa færeyska fiskeldisfélagsins Bakkafrosts endaði í 33,8 norskum krónum á hlut í norsku kauphöllinni á föstudag. Þetta var fyrsti viðskiptadagur með bréfin og hækkaði gengi þeirra um níu prósent frá útboði.

Föroya Bank átti 33,7 prósent í Bakkafrosti og hagnaðist um 380 milljónir danskra króna á viðskiptunum. Það jafngildir níu milljörðum íslenskra króna.

Ekki liggur fyrir hversu margar frumskráningar hafa verið á norska markaðnum frá áramótum. Fyrsta skráningin í norrænu kauphallarsamstæðunni Nasdaq OMX var í Svíþjóð á miðvikudag.

- jab

FRÁ FÆREYJUM Skráning færeyska fiskeldisfélagsins Bakkafrosts í norsku kauphöllina þykir hafa lukkast vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞÝSKA ÞINGIÐ Ísland þarf að gera ýmsar lagabreytingar til að fullnægja skilyrðum um aðild. NORDICPHOTOS/AFP

Þýska þingið ræðir aðildarviðræður Íslands við ESB:

Allir þingflokkar styðja viðræðurnar

ÞÝSKALAND Þýska þingið fjallar um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu á þingfundi fimmtudaginn 22. apríl. Daginn áður, þann 21. apríl, er reiknað með að Evrópunefnd þingsins taki málið til lokaafgreiðslu.

Samkvæmt upplýsingum frá þýska þinginu er gert ráð fyrir því að ítarlegar umræður verði um málið á þingfundinum. Allir þingflokkar hafa lýst yfir stuðningi við að aðildarviðræður við Ísland hefjist sem fyrst.

Í þingsályktunartillögu stjórnarflokkanna segir að Ísland þurfi að gera ýmsar lagabreytingar til þess að fullnægja skilyrðum um aðild, einkum á sviði fiskveiða, landbúnaðar, hvalveiða, fjármálaþjónustu, sveitarstjórnarmála og fjárlagagerðar.

Samkvæmt nýjum þýskum lögum, sem sett voru áður en Lissabon-sáttmáli Evrópusambandsins tók gildi í vetur, hefur þingið rétt til að láta afstöðu sína í ljós áður en ráðherra þýsku ríkisstjórnarinnar getur greitt atkvæði um það á vettvangi Evrópusambandsins.

Búist er við því að ráðherraráð Evrópusambandsins taki síðan ákvörðun í lok apríl eða byrjun maí um það, hvort hefja eigi aðildarviðræður við Ísland. **- gb**

Stefnir - *Samval.*
Meiri möguleikar á breytilegum markaði.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.
Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

*Upplýsingar fengnar af www.sjodir.is fyrir tímabilið 28.02.2005-28.02.2010.

- Fjárfestir í þeim eignaflokkum sem ákjósanlegastir eru hverju sinni – eignastýring í einum sjóði
- Virk stýring í skuldabréfum og hlutabréfum. Áhersla á ríkistryggð skuldabréf undanfarin misseri
- Fjárfestir að mestu í öðrum sjóðum til að auka enn frekar áhættudreifingu
- Góður kostur í langtímasparnaði og hentar vel í reglubundnum sparnaði
- 15,4% meðalnafnávöxtun síðastliðin 5 ár*
- Lágmarkskaup 5.000 kr.

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 49433 03/10

Ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Sala íslenskra fjárfesta á hlut í hollenska drykkjarvörufyrirtækinu Refresco vekur athygli ytra:

Fengu margfalt hærra tilboð en í fyrra

VIÐSKIPTI Erlendir fjölmiðlar segja kaup breska einkaframtakssjóðsins 3i Group á fimmtungshlut í hollenska drykkjavöruframleiðandanum Refresco fyrir um 84 milljónir evra, fjórtán milljarða íslenskra króna, í fyrradag með umfangsmestu fjárfestingum eftir kreppuna.

Þetta er í annað skiptið sem 3i Group kemur að Refresco. Það átti félagið um þriggja ára skeið en seldi til FL Group (nú Stoða), Kaupþings og Vífilfells árið 2006. Upp úr því tók Refresco yfir fjölda drykkjarframleiðenda í í Evrópu og er velta fyrirtækisins nú tvöfalt meiri en á síðustu þremur árum.

Refresco var sett í söluferli árið 2008 en kreppan setti strik í þær fyrirætlanir og tóku íslensku fjárfestarnir ákvörðun vorið 2009 að selja ekki. Verðið sem fékkst fyrir hlutinn nú mun vera margfalt hærra en boðið var í hlutinn í fyrra.

3i Group greiðir kaupverðið úr nýjum sjóði félagsins, sem í eru 1,2 milljarðar evra, jafnvirði 213 milljarða króna. Þriðjungur fjárins í sjóðnum kemur frá fjárfestum en afgangurinn er samsafn eldri sjóða. Breska viðskiptablaðið Financial Times segir afrek að loka sjóðnum við núverandi aðstæður á fjármálamörkuðum.

Eftir viðskiptin munu Stoðir, Kaupþing og Vífilfell eiga 62 prósenta hlut í Refresco. **- jab**

FLÖSKUR Á FÆRIBANDI Vífilfell er einn þriggja íslenskra eigenda hollenska drykkjavöruframleiðandans Refresco.

Niðurskurði mótmælt:

Hollvinir vilja endurmat strax

HEILBRIGÐISMÁL Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki sendu fyrir helgina Álfheiði Ingadóttur heilbrigðisráðherra ályktun þar sem hún er hvött til að endurmeta kröfu sína um niðurskurð hjá stofnuninni.

Í ályktuninni er ráðherra vændur um skilningsleysi sem birtist með ósanngjörnum kröfum um niðurskurð. Krafa sé gerð um tæplega ellefu prósenta niðurskurð en Hollvinasamtökin hvetja ráðherra til að endurmeta stöðuna. **- shá**

ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ Elías Karl Guðmundsson sigraði í Gettu betur annað árið í röð með liði Menntaskólans við Reykjavík. Félagar hans eru í baksýn.

Úrslitaviðureign Gettu betur:

MR sigraði með tveimur stigum

FÓLK Menntaskólinn í Reykjavík sigraði Verzlunarskóla Íslands í úrslitaviðureign spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, á laugardagskvöld. Keppnin var haldin í Smáranum í Kópavogi. Er þetta fjórða árið í röð sem MR sigrar keppnina en lið skólans hafa sigrað í henni alls 16 sinnum.

Í liði MR voru Elías Karl Guðmundsson, Halldór Kristján Þorsteinsson og Ólafur Hafstein Pétursson. Ekki var nema tveggja stiga munur á liðunum þegar yfir lauk, lokatölur voru 30-28. - jma

Forstjóri Barnaverndarstofu:

Barnið í hættu

BARNAVERND Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, sagðist í samtali við Stöð 2 í gær ætla að kalla eftir öllum gögnum um barn sem grunsemdir kviknuðu um að hafa verið beitt ofbeldi á heimili sínu. Hæstiréttur Íslands staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjaness nú fyrir helgi um að móðir og sambýlismaður hennar skyldu hafa barnið áfram í sinni umsjón. Barnavernd er ætlað að tryggja öryggi barnsins. „Miðað við það sem kemur fram í dóminum virðist það nokkuð ljóst að mati sérfræðinga sem rannsökuðu þetta barn að áverkarnir sem það hlaut hafi verið af mannavöldum. Þar af leiðandi er þetta barn í hættu," sagði Bragi. **- jma**

BRAGI GUÐBRANDSSON

SVÍÞJÓÐ

Kínverjar keyptu Volvo

Kínverski bílaframleiðandinn Geely hefur keypt Volvoverksmiðjurnar af bandaríska bílaframleiðandanum Ford, sem keypti Volvo fyrir rúmum áratug af Svíum.

SVISS

Vopnað rán í spilavíti

Hópur vopnaðra og grímuklæddra manna réðst inn í spilavíti í Basel í Sviss í fyrrinótt þegar um 600 manns voru þar að spila. Ræningjarnir hurfu síðan á brott með jafnvirði tuga milljóna króna.



Hafðu það um

Páskalæri Hagkaups
að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífuolíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.

EINGÖNGU Í HAGKAUP

PÁSKALÆRI HAGKAUPS
1.758kr/kg.
Merkt verð 2.198.-

Innfluttar nautalundir
tilvaldar á grillið!

SPENNANDI

NAUTALUNDIR FROSNAR
2.698kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

ferskir ávextir og ber á TILBOÐSVERÐI!

Vínber **499**kr/kg.

Kiwi **279**kr/kg.

Mangó **398**kr/kg.

Avocado **439**kr/kg.

Jarðarber **398**kr/pk.

Bláber **398**kr/pk.

COKE 2 LÍTRA 4 Í PAKKA
889kr/pk.

ELDDHÚSRÚLLUR 3 STK
329kr/pk.

CAPRI SONNE SAFAR
189kr/stk.

NÓA KONFEKT 1 KG.
2.399kr/pk.

EUROSHOPPER HVEITI 1 KG
99kr/pk.

PRINS POLO MINI 154G
299kr/stk.

OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Hagkaup | heim
heimsendingarþjónusta
- sími **563-5000**
- heim@hagkaup.is

gott páskana

PÁSKASTEIKIN FÆST Í HAGKAUP!

Ferskur kalkúnn
alltaf vinsæll!

SPENNANDI

FERSKUR KALKÚNN
1.279 kr/kg.
GOTT VERÐ

TAKMARKAÐ MAGN!

Smjörsprautað kalkúnaskip
tilbúið beint í ofninn!

EINGÖNGU Í HAGKAUP

SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP
2.651 kr/kg.
Merkt verð 2.945.-

grillkjötið komið í verslanir!

Nautakótilettur
að argentískum sið

Grísakótilettur
kryddlegnar

Cajp´s folaldavöðvar

Lambalærissneiðar
kryddlegnar

Lambatvírifjur
kryddlegnar

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ PRÓFA NUTRILENK! Söluhæsta efnið fyrir slitna liði og liðverki!

NUTRILENK 90 TÖFLUR
2.999 kr/stk.

NÝTT

CLEAN & CLEAR
býður upp á fullkomna línu húðsnyrtivara sem sérstaklega eru þróaðar með þarfir unglingshúðar að leiðarljósi. Mætir einnig þörfinni fyrir meðhöndlun fílapensla.

MERRILD KAFFI 500 G
549 kr/pk.

RITTER SPORT SÚKKULAÐI
229 kr/stk.

LAYS SNAKK
349 kr/stk.

50 ára **HAGKAUP** fyrir Íslendinga í 50 ár

skoðun

greinar@frettabladid.is

Vissi Jóhanna ekki að Vinstri grænir væru ekki samstarfshæfur flokkur?

Kisa-kis

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hvatti stjórnarliðið enn og aftur til að „þétta raðirnar“ í ræðu sinni á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar um helgina. Þrátt fyrir hvatningarorðin sýndi ræða forsætisráðherrans þó betur en margt annað fram á brestina í ríkisstjórnarsamstarfinu. Þótt utanaðkomandi áhorfendur eigi vafalaust gott með að skilja líkingu hennar um að það að reyna að fá þingmenn Vinstri grænna til að styðja stjórnarfrumvörp sé eins og að smala köttum, er ekki líklegt að þau hafi fallið í kramið hjá samstarfsflokknum.

Traustið í samstarfi stjórnarflokkana er augljóslega mjög takmarkað. Það má til dæmis lesa úr eftirfarandi málsgrein í ræðu Jóhönnu: „Það verður að gera þá kröfu til stjórnarliða og ekki síst ráðherra í ríkisstjórn að þeir virði trúnað við samstarfssamning stjórnarflokkanna – annað er ávísun á ófrið og sundrungu.“

Forsætisráðherrann talaði eins og það hefði komið henni á óvart, að stjórnin hefði ekki raunverulegan meirihluta til að koma fram ýmsum málum. „Hitt vissum við ekki að andstaða væri í öðrum stjórnarflokknum við mikilvæg verkefni í samstarfsyfirlýsingu flokkanna. Þar á ég einkum við efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lausn Icesave-málsins,“ sagði Jóhanna. Þeir, sem hlustuðu á ýmsa núverandi þingmenn Vinstri grænna tala fyrir síðustu kosningar, eru ekki hissa á þessu.

Það átti heldur ekki að koma neinum á óvart að VG reyndi að þvælast fyrir stóriðjuframkvæmdum og ryki upp til handa og fóta þegar ýmsar aðrar hugmyndir um atvinnusköpun, til dæmis einkaspítali og flugæfingastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, féllu ekki að hugmyndum flokksins um ríkisforsjá og veru Íslands utan varnarbandalaga.

Jóhanna kveinkaði sér fyrirfram undan því að ríkisstjórnin myndi „mæta margvíslegri andstöðu hjá hagsmunahópum við þá uppstokkun sem lofað hefur verið og nauðsynleg er t.d. í ríkiskerfinu og fiskveiðistjórnunarkerfinu. Andstöðu sem tekur ekki mið af heildarhagsmunum heldur sérhagsmunum og vörn fyrir forréttindi. Allt mun það rata sína leið gegnum fjölmiðla og áróðursherferðir gegn stjórnvöldum.“

Forsætisráðherrann getur bókað að andstaðan við það fyrrnefnda, uppstokkun í ríkiskerfinu, mun fyrst og fremst koma frá samstarfsflokknum og hagsmunahópum, sem tengjast honum nánum böndum. Hvað fiskveiðistjórnunina varðar, var sami tvískinnungurinn og áður í málflutningi Jóhönnu, sem hvatti annars vegar til sátta og réttlætti hins vegar hvernig skötuselsfrumvarpið var keyrt í gegn, þvert á sjónarmið hagsmunasamtakanna sem hún vill sættast við!

Á sömu lund var tilraun hennar til að biðla til Sjálfstæðisflokksins um stuðning við umsóknina um aðild að Evrópusambandinu, um leið og hún undirstrikaði að sá flokkur mætti engu ráða, þá væri voðinn vís.

Með hverjum þarf Jóhanna að vinna ef hún gefst upp á að kalla blíðlega á samstarfsflokkinn og skilar honum í Kattholt?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Engin örvænting

Framsóknarflokkurinn nær ekki manni inn í borgarstjórn í vor, hefur fimm prósenta fylgi samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Það er gömul saga og ný að fylgi Framsóknarflokksins mælist minna í könnunum en það sem kemur upp úr kjörkössunum. Fyrir fjórum árum, þegar Björn Ingi Hrafnsson leiddi listann, mældist fylgið til dæmis um tvö prósent.

Alfreð Þorsteinsson, sem nú skipar heiðurssæti á lista flokksins, sagðist þá hafa „séð það svartara“. Enda komst Björn Ingi í borgarstjórn. Flokkurinn má því enn við nokkru tapi áður en Alfreð fer að örvænta.

Kattarkonan

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lýsti ríkisstjórnarsamstarfinu á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar um helgina á þá leið að það væri eins og að smala köttum að tryggja meirihluta í ýmsum málum. Sem þýðir væntanlega að það geti verið erfitt.

Ásmundur sýnir klærnar

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna, greip þessi ummæli á lofti. Á Pressunni er haft eftir honum að þarna hafi forsætisráðherra líklega átt við „niðurfellingu“ landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins. Með því á hann væntanlega við hugmyndir um sameiningu ráðuneytanna í eitt atvinnumálaráðuneyti. VG væri algjörlega á móti slíkum hugmyndum. „Í því máli ber okkur skylda til þess að vera eins og kettir,“ sagði Ásmundur, og bætti við að það yrði að hafa það hugfast „að þegar kötturinn bregður sér frá fara mýsnar á kreik“. Það er ekki heil brú í þessu líkingamáli. Hér skal það lagt til að stjórnarliðar orði skeytasendingar sín á milli á skýru og kjarngóðu máli frekar en með torskildu mjálmi.

bergsteinn@frettabladid.is

Bankar í fyrirtækjarekstri

Í þeirri fjármálakreppu sem nú ríkir, hafa fjármálastofnanir þurft að leysa til sín fjölda eigna, þar á meðal hafa bankarnir tekið yfir rekstur nokkurra fyrirtækja og haldið rekstri þeirra áfram. Það er mjög vandrataður vegur hversu lengi bankar eiga að standa í alls óskyldum rekstri. En vandamál bankanna er oft að þeir hafa sjálfir verðmetið fyrirtækin og eignir þeirra allt of hátt og lánað út á það. Þeir hinir sömu og stóðu að þessum útlánum eru nú í forsvari fyrir bankana og hafa umsjón með að þessi sömu fyrirtæki séu í fullum rekstri.

Það getur verið erfitt að kyngja því að mistök hafi verið gerð í útlánum og því þykir betra að bíða í von um að markaðurinn lagist og eignaverð hækki. En hversu lengi ætla bankarnir að halda utan um rekstur einstakra fyrirtækja og vera beint eða óbeint í ábyrgð fyrir rekstri þeirra? Um þetta verður að setja skýrar reglur. Þetta fyrirkomulag getur skekkt mjög samkeppnismyndina, eins og reyndin er nú í nokkrum tilfellum, til dæmis sér nú einn banki um að reka Húsasmiðjuna. Eigandi Múrbúðarinnar skrifaði ágæta grein þar sem hann benti á að hann væri að berjast í sínum rekstri og best hefði verið að Húsasmiðjan færi í gjaldþrot, þar með hefði skapast meira svigrúm fyrir Múrbúðina á markaðnum. Sama má segja um rekstur Teymis, sem banki hefur haldið utan um í langan tíma. Nýherji er í mikilli samkeppni við þetta fyrirtæki og hefur þurft að grípa til ýmissa ráðstafana til að rétta sinn rekstur af. Það hefur tekist, en samkeppni við fyrirtæki með

JAFET S. ÓLAFSSON
Í DAG | Samkeppni

beina tengingu við banka er ekki heilbrigð.

Gjaldþrot er neyðarbrauð, vegna þess að við það tapast alltaf töluverð verðmæti og mætti nefna nokkur dæmi þar sem mistök hafa verið gerð með því að keyra fyrirtæki í gjaldþrot. Þau fyrirtæki sem eru

Bankarnir ættu að setja sér þá reglu að það líði ekki meiri en 12 mánuðir frá því þeir taka fyrirtæki yfir þar til þeir séu búnir að koma því í hendur nýs eiganda.

með jákvætt greiðsluflæði, þ.e. reksturinn er að skila fé upp í vexti og afskriftir, eiga að fá að lifa, ég tala ekki um ef þau hafa sýnt fram á hagræðingu í rekstri. Það er mjög mikilvægt að bankarnir vinni hratt við ákvarðanatöku til bjargar fyrirtækjum í vanda, annars blæðir þeim út. Greinilega hefur það tafið töluvert fyrir afgreiðslu mála að enn eru ekki komnir nýir bankastjórar að Arionbanka og Landsbankanum. Það vantar nýja skipstjóra í brúna og á meðan bíða erfið mál úrlausnar. Nú er komið nýtt bankaráð hjá Landsbankanum þannig að þar má búast við nýjum manni í brúna fljótlega. Hljótt hefur verið um ráðningu nýs bankastjóra í Arionbanka, hvað sem veldur. Nógu margir sóttu um þegar starfið var auglýst. Hvað tefur þessa ráðningu?? Íslandsbanki er sennilega kominn lengst á veg með afgreiðslu gagnvart sínum viðskiptavinum, enda hefur hann ekki búið við stjórnunarvanda eins og hinir bankarnir.

Síðastliðið haust var tilkynnt að einn bankinn ætlaði taka yfir Toyota-umboðið og samkomulag væri við núverandi eiganda um að það yrði selt. Ekkert bólar á að bankinn sé að bjóða þetta fyrirtæki í sölu. Arionbanki hefur um nær heils árs skeið verið eigandi og rekstraraðili að fyrirtækjum eins og Heklu og Pennanum. Ekkert bólar á að þessi fyrirtæki séu á leið í söluferli.

Bankarnir ættu að setja sér þá reglu að það líði ekki meiri en 12 mánuðir frá því þeir taka fyrirtæki yfir þar til þeir séu búnir að koma því í hendur nýs eiganda. Ríkisstjórnin getur einungis gefið út tilmæli um þetta, enda eru Arionbanki og Íslandsbanki komnir í hendur á erlendum kröfuhöfum.

Þátttaka bankanna í almennum fyrirtækjarekstri skekkir heilbrigða samkeppni þegar til lengri tíma er litið. En þátttakan í rekstri getur verið nauðsynleg og réttlætanleg þegar til skamms tíma er litið, þegar verið er að bjarga verðmætum sem ella gætu farið í súginn.

Höfundur er framkvæmdastjóri Veigs ehf.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Vor í borg

UMRÆÐAN
Hanna Birna Kristjánsdóttir skrifar um vorhreinsun í Reykjavík

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Með lengri og bjartari dögum má sjá fleiri á götum og göngustígum borgarinnar. Reykjavíkurborg vill leggja sitt af mörkum til að borgarbúar geti notið vorsins sem best og hefur því ákveðið að efna til hreinsunarátaks til að snyrta og fegra ásýnd borgarinnar eftir veturinn.

Starfsmenn Reykjavíkurborgar tóku af skarið strax í morgun. Hafist var handa við alhliða hreinsun í miðborginni og nærliggjandi svæðum. Því næst verður athyglinni beint að hverfum borgarinnar, stofnæðum og verslunarkjörnum víðs vegar um borgina.

Stefnt er að því að allt að 200 sumarstarfsmenn taki við keflinu af borgarstarfsmönnum þegar skólaári framhaldsskólanna lýkur í maí. Meginverkefni þeirra í sumar verða hreinsun og fegrun borgarlandsins með blómum, trjágróðri og viðhaldi grænna svæða í öllum hverfum borgarinnar.

Á björtum vor- og sumardögum er oft mikill fjöldi fólks í miðbænum. Vaxandi þörf hefur því reynst á sérstöku átaki í að halda miðborginni hreinni og munu borgarstarfsmenn hafa forgöngu um það.

Ég vil hvetja borgarbúa til að taka þátt í þessu hreinsunarátaki með okkur og huga að umgengni við umhverfið og snyrta, fegra og hreinsa burt óhreinindi í nágrenni við heimili og vinnustaði. Jafnframt er óskað eftir því að íbúar láti vita af því ef þörf er á hreinsun í borgarlandinu með því að senda skilaboð til borgarinnar í gegnum netfangið upplysingar@reykjavik.is eða hringja í síma 411-1111.

Að halda borginni okkar snyrtilegri og fallegri er sameiginlegt verkefni okkar allra sem hér búum og störfum. Með samstilltu átaki Reykjavíkurborgar og íbúa með áherslu á góða umgengni, hreinsun þar sem við á og fegrun húsa, garða og svæða mun borgin okkar halda áfram að ljóma okkur öllum og gestum okkar til ánægju.

Sameinumst um að ganga vel um og fegra, okkar fallegu borg, Reykjavík.

Höfundur er borgarstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

YEN-WEN TSENG er taívanskur hönnuður sem hefur hannað sérstaka klukku. Vísar klukkunnar eru tengdir með tveimur örmum sem mynda mismunandi munstur eftir því hvað klukkan er. Frá þessu er greint á vefsíðu www.dezeen.com

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Geymsluhillur - *fyrir alla muni*

ALVÖRU Geymsluhillur

Í bílskúrinn og geymsluna
fyrir sameignina og dekkin
og fyrir fyrirtækin í landinu!

15.720 kr
+ 10.490
næsta bil

- auðvelt að smella saman
- þola mikið álag

RYMI

Skemmuvegur 6 - Blá gata - Kópavogur
Sími 511-1100

Verð eru án VSK

Skoðaðu nánar á - WWW.RYMI.IS

Weber grill í miklu úrvali.
Kynntu þér úrvalið á næsta sölustað.

Söluaðilar.: Járn og gler - Garðheimar - Húsasmiðjan

www.weber.is

Auglýsingasími
512 54 01
Allt sem þú þarft...

Helga í eftirlætishorninu sínu, umkringd lömpum, svörtum úr Lúmex og bleikum úr Habitat og púðum sem hún sankar að sér. Gærukollurinn er eftir Sigurð Helgason. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Endar alltaf á sama stað

Helga Ólafsdóttir fatahönnuður er, líkt og í hönnun sinni, óhrædd við liti og er að eigin sögn bleik að upplagi. Hún þarf mikla tilbreytingu og í stað þess að kaupa nýja hluti færir hún húsgögnin til.

„Mér finnst óþægilegt að hafa umhverfi mitt óbreytt í langan tíma og verð fljótt leið á hlutum. Ég vil samt ekki losa mig við dótið mitt eða þurfa að vera að kaupa nýja muni þannig að ég leysi leiðann með því að færa til húsgögn. Þannig er viðbúið að ég sé búin að snúa öllu við næst þegar fólk kemur í heimsókn," segir Helga og bætir við að hún setji það ekki fyrir sig þótt húsgögnin séu þung. Hún sé komin með mikla flutningstækni og þetta sé hálfgerð árátta.

Helga notar sterka liti í hönnun sinni en hún er annar hönnuður barnafatalínunnar Ígló en hana á hún og rekur ásamt Lovísu Ólafsdóttur. „Ég er ekki hrædd við liti og það er mjög mikið bleikt heima hjá mér. Ég bý í nýju húsi og þau geta oft verið svolítið kuldaleg þannig að mér finnst litirnir hjálpa til við að gera notalegt."

Eftirlætisstaður heimilisins er sófinn hennar sem hún situr í eftir vinnu á daginn og heldur áfram að vinna með tölvuna sína. „Mér finnst yndislegt að sitja og horfa út á sjóinn en þaðan sem ég bý í Garðabæ hef ég frábært útsýni." Helga blandar saman nýjum og gömlum munum og stóllinn Fuzzy, sem Helga fékk í brúðargjöf, er í miklu uppáhaldi en stóllinn er ný hönnun með mjög retró útliti.

„Í raun er ég með sérstaka vinnuaðstöðu annars staðar á heimilinu en enda alltaf á þessum stað í sófanum þannig að það hlýtur að segja sitt."

juliam@frettabladid.is

Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi

Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum
og Proflex stillanlegum rúmum
á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 339.900 - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 349.900 - verð áður 459.000

Fermingartilboð
sjá
www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

BELTISSYLGJUR ÚR STEINSTEYPU eru meðal nýjustu afurða hönnuðarins Sruli Recht sem rekur verslunina Vopnabúrið á Hólmaslóð.

ICE LOGIC
Nýja línan frá SNAIGE

Gerð RF-32
HxBxD 176x60x62

Kælihluti
233 ltr.

Frystir
54 ltr.

Hvítur 119.900 Stál 139.900

Kæliskápar með eða án frystis, frystiskápar, alls 20 gerðir.

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Ævintýraheimur Kiki Van Eijk

Áhugaverð sýning stendur nú yfir í Secondome gallery í Róm á hönnun hollenska vöruhönnuðarins Kiki Van Eijk sem hún vann í sameiningu með sýningastjóra Secondome, Claudiu Pignatale.

Sýningin ber nafnið Cut & Paste en þar gefur að líta hálfgerðan ævintýraheim þar sem búið er að blanda saman hlutum og hræra upp í hlutverkum þeirra og notagildi.

Hlutirnir voru unnir undir merkjum ánægjunnar sem felst í að skissa upp hluti í höndunum án þess að tölvan komi þar nærri, að hanna með því að búa til. Eftir árs skissuvinnu standa eftir sjö hlutir þar sem efni, litir og hlutverk hafa skolast til og myndað nýja hluti.

-rat



Skápur á skáp ofan.

Hlutirnir urðu til út frá gleðinni sem felst í að skissa upp í höndunum.

Klukka en útlínur hennar hafa verið „teiknaðar" upp með snúnum vír.

Hagleikurinn er greinilega í ættinni. Hér er Ragnhildur við mynd sem hún teiknaði af mömmu sinni, Halldóru Einarsdóttur, sem var einstakur dýravinur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útsaumur, smíði hekl og föndur

Golfkonan knáa, Ragnhildur Sigurðardóttir, geymir handunnar gersemar eftir móður sína, Halldóru Einarsdóttur frá Kaldrananesi í Mýrdal, sem lést árið 2000. Hún leyfði okkur líta á nokkrar.

„Mamma var alltaf eitthvað að búa til, hvort sem það var borðdúkur með fínlegum útsaum, smíðisgripur eða eitthvað allt annað," segir Ragnhildur og breiðir úr forkunnarfallegu sængurveri með eigin upphafsstöfum sem hún á eftir móður sína. „Við áttum öll svona sængurföt í fjölskyldunni. Mömmu og pabba voru með hvítu mynstri og okkar krakkanna rauðu. Þetta voru jólarúmfötin okkar. Svo bjó mamma til svona handa ungum frændum og frænkum líka."

Jólarúmfötin hennar Ragnhildar. Hver og einn í fjölskyldunni átti sitt sett.

Þegar Halldóra var stelpa tók hún þátt í samkeppni barnablaðsins Æskunnar þar sem þrautin fólst í að búa til dúkkuflík sem kæmist fyrir á hlið eldspýtustokks. Hún sigraði með yfirburðum því hún bjó til að minnsta kosti fjórar flíkur sem allar komust fyrir á einum stokki. Þar á meðal var röndótt hlýrapils sem hún prjónaði með örfínum prjónum sem pabbi hennar smíðaði fyrir þetta verkefni. Um tvítugt saumaði hún sér upphlut og balderaði borðana sjálf.

Halldóra brá fyrir sig útskurði eins og þessi klukka ber með sér.

Ragnhildur segir eldhúsborðið á æskuheimilinu aldrei hafa verið tómt. „Ef ekki var matur þar þá var það föndurdót," rifjar hún upp. „Þegar barnabörn mömmu voru komin til sögunnar voru þau alltaf að föndra eitthvað á eldhúsborðinu meðan hún var að elda og baka, sníða, sauma og segja þeim sögur. Allt æskuheimili mitt minnir á hana, meðal annars gluggarnir. Hún handsmíðaði þá og klæddi líka og innréttaði bókaherbergi heimilisins. Það lék allt í höndunum á henni."

gun@frettabladid.is

Íslenska sauðkindin var í uppáhaldi.

Íslensku jólasveinarnir í handgerðum búningi Halldóru. Kýrin er úr trölladegi.

Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Gleðilega páska!

Mánudagur 29. mars

Prjónahópur - Komdu og prjónaðu. Tími: 13.00 -15.00.

Enskuhópur - Æfðu þig í að tala ensku. Tími: 14.00 -15.00.

Art of living - Sunil Lawani og Lilja Steingrímsdóttir kenna aðferðir og öndun sem hjálpa fólki að lifa í núinu. Tími: 15.00 -16.00.

Skákklúbbur - Komdu og tefldu. Tími: 15.30 -17.00.

Þriðjudagur 30. mars

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson kennir fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00 -14.00.

Íslenskuhópur - Hefur þú lært íslensku en þarft að æfa þig í að tala? Tími: 13.00 -14.00.

Hvernig stöndumst við álag - Hvað fær okkur til að pirrast og reiðast yfir smámunum? Tími: 13.30 -15.00.

Páskar að kristnum skilningi - Umræður í umsjón Ragnheiðar Sverrisdóttur djákna. Tími: 13.00 -14.00.

Vinnum saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) - Vertu með í skapandi hópi atvinnuleitenda. Tími: 14.00-16.00

Skiptifatamarkaður - Barnaföt - Tími: 16.00 -18.00.

Miðvikudagur 31. mars

Líðan atvinnuleitenda - Umræður og vinnuhópar Félagsvinir atvinnuleitenda stjórna. Tími: 12.30-14.00.

Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Komdu með fartölvu ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.

Áhugasviðsgreining - Könnun og fagleg ráðgjöf. Skráning nauðsynleg. Tími: 14.00 -16.00.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur - Sérsniðin lögfræðiráðgjöf og stuðningur við innflytjendur. Tími: 14.00 -16.00.

Briddsklúbbur - Hefur þú gaman af bridds? Langar þig að læra bridds? Tími: 14.00-16.00.

Verkefni Rauða kross Íslands - Hvað er Rauði krossinn að gera hér á landi? Hvað getur þú gert til að aðstoða? Tími: 14.30 -15.30.

Fimmtudagur 1. apríl - Skírdagur

LOKAÐ!

Föstudagur 2. apríl - Föstudagurinn langi

LOKAÐ!

Allir dagskrárliðir eru unnir í sjálfboðnu starfi.
Hefur þú góðar hugmyndir eða langar til að leggja þitt að mörkum?
Hafðu samband á raudakrosshusid@redcross.is.

Barnið komið heim námskeið fyrir verðandi og nýorðna foreldra verður haldið í Rauðakrosshúsinu fimmtudagana 8. 15. og 29. apríl.
Skráning í síma 570 4000

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 29. MARS 2010

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

denorth | 2010

Íbúðalánasjóður

Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðakaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérþarfa (skert starfsorka)
- Úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Tími trjáklippinga

Dagarnir lengjast og tími kominn til að huga að klippingum trjáa og runna. Þorkell Gunnarsson skrúðgarðyrkjufræðingur var beðinn um góð ráð og reyndist örlátur á þau.

„Þegar á að fara að klippa þarf að byrja á því að meta ástand gróðursins og athuga hvort hann er í vexti. Ef svo er þá er óhætt að klippa hann," byrjar Þorkell. Er auðvelt að sjá vöxt um miðjan vetur? „Já, það eru ýmis merki um hann. Til dæmis sést hversu mikið grein hefur vaxið á síðasta ári eða hvort hún er mosavaxin sem bendir til að vöxturinn sé hægur. Ef grein lítur út fyrir að verða til vandræða á að taka hana strax, ekki fresta því þangað til sárið verður stórt því tré hafa ekki eiginleika til að græða sár heldur vaxa þau frá meinsemdinni."

Mikilvægt er að skilja ekki eftir stubb þegar greinar eru klipptar af trjám að sögn Þorkels. „Stubburinn verður fyrir sveppaeitrun og ef hann er stór verður áhlaupið enn alvarlegra," lýsir hann. Ekki má heldur fara of nærri trénu því þá er varnarkerfi trésins hætt. „Varnarkerfi trésins er innan í greinakraganum næst stofninum. Þetta er svona hálfs sentimetra bil sem má saga á."

Tré leggjast í dvala yfir vetrartímann, fara í laufgun á vorin, vaxtartímabil yfir sumarið og laufall á haustin. „Það eru tvö tímabil sem má klippa á, vaxtartímabilið og dvalartímabilið," tekur Þorkell fram. Best er að klippa tré yfir sumarið því þá koma fáar greinar út frá sárinu en limgerði er betra að klippa að áliðnum vetri því þar viljum við fá mikla greiningu." Ekki á að leyfa limgerði að vaxa að mati Þorkels. „Fyrstu árin klippir þú tvo þriðju af limgerðinu til að fá þéttingu," segir hann. „Árssprotar eftir klippingu eiga helst ekki að vera lengri en 10-20 sentimetrar. Svo er atriði að klippa vel af hliðunum, fólk er yfirleitt of ragt við það og limgerði á að vera mjórra að ofan en neðan þannig að ljósið komist að neðstu greinunum." - gun

HAFA SKAL Í HUGA

1. Byrja á að meta hvort tré séu í vexti og þoli klippingu.
2. Klippa ungar greinar af sem sýnt er að verði til vandræða.
3. Klippa eða saga um hálfan sentimetra frá stofninum.
4. Snyrta tré að áliðnum vetri eða yfir hásumarið.
5. Klippa runna undir vor.
6. Halda breidd runna í skefjum og láta þá mjókka upp.

Þorkell var einmitt að leiðbeina á námskeiði í klippingum þegar hann náðist á mynd niðri í Fossvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

● **SKEMMTILEG ÁSKORUN** Bonsai-trén hafa notið nokkurra vinsælda á Vesturlöndum undanfarin ár en hugmynd að ræktun þeirra kemur upphaflega frá Kína þótt siðurinn hafi síðar borist til Japans. Hér vestra vöktu trén fyrst athygli á heimssýningunni í París um aldamótin 1900 og eru þau í dag ræktuð um allan heim. Hér á landi fást bonsai-tré í nokkrum blómabúðum, til að mynda Garðheimum og Blómavali og er mikil áskorun að halda í þeim lífi því það getur orðið snúið. Plantan þarf alltaf að vera rennandi blaut, á frekar svölum stað innandyra, með góða birtu, en þó má sólin aldrei skína beint á hana. Fyrirhöfnin er þó sannarlega þess virði því trén eru afskaplega falleg og minna oft á dreka eða fugla.

„Allt hefur gengið vonum framar," segir Jónatan og er bjartsýnn á framhald framkvæmdanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Svona er alheimsaflið

Krýsuvíkurkirkja verður byggð aftur í upprunalegri mynd en hún brann til kaldra kola aðfaranótt 2. janúar síðastliðins. Iðnskólinn í Hafnarfirði hefur tekið verkið að sér, byrjað er að teikna upp predikunarstól og altari og einn nemandinn hefur valið stólinn sem sitt sveinsstykki.

„Það er alveg greinilegt að kirkjan á að rísa aftur því margir öflugir kraftar hafa raðast saman til að af því geti orðið." Þetta segir Hafnfirðingurinn góðkunni, Jónatan Garðarsson, formaður Vinafélags Krýsuvíkurkirkju sem stofnað var 14. janúar síðastliðinn. Hann er með lítið módel af kirkjunni á skrifborðinu hjá sér eftir dóttur sína sem var nemandi í hönnunardeild Iðnskólans í Hafnarfirði árið 2000.

„Þetta er staður sem er mér kær," segir Jónatan um samband sitt við Krýsuvík. „Ég var sem krakki þar í sumarbúðum 1962 og hef gengið mikið um svæðið síðan, meðal annars sem leiðsögumaður hópa." Hann kveðst hafa verið með fund heima hjá sér 5. janúar síðastliðinn þegar Krýsuvíkurkirkja var nýbrunnin og hún hafi borist í tal. Hann hefði þá óskað þess að einhver byði honum að byggja kirkjuna upp. „Ég er varla búinn að sleppa orðinu þegar í mig hringir Hrafnkell Marinósson, gamall vinur minn og deildarstjóri byggingardeildar Iðnskólans í Hafnarfirði. Ég segi honum að ég sé á fundi. „Já, þetta verður ekki langt," segir hann. „Þarftu ekki að láta byggja fyrir þig kirkju? „Jú," svaraði ég hálf agndofa. „Já, við í Iðnskólanum viljum gjarnan fá það verkefni," segir hann þá. Nokkrum dögum síðar var ákveðið að stofna vinafélag og í því eru margir ágætir einstaklingar, þar á meðal fulltrúar Þjóminjasafns, húsafriðunarnefndar, þjóðkirkju og Hafnarfjarðarbæjar. Síðan hefur allt gengið vonum framar. Svona er alheimsaflið."

Kirkjan sem brann í Krýsuvík var byggð 1857 og fylgt verður sömu grunnmynd nú, að sögn Jónatans. Sóknin lagðist af svo kirkjan var afhelguð 1929 en endurvígð aftur eftir lagfæringar 1964, af biskupnum, herra Sigurbirni Einarssyni. Smám saman lenti hún í niðurníðslu og á endanum gekk sauðfé þar út og inn en Jónatan átti þátt í að gera kirkjunni til góða fyrir síðustu aldamót og stuðla að því að þar væri messað tvisvar á ári síðan.

Búið er að smíða einn glugga af fjórum í Iðnskólanum og byrjað er að gera tölvuteikningar af kirkjunni, altarinu og predikunarstólnum. Einn nemandi hefur tekið að sér að smíða stólinn sem sveinsstykki. Smíði kirkjuskipsins bíður næsta hausts en búið er að útbúa skilti sem komið verður fyrir nærri grunni kirkjunnar og upplýsir ferðamenn um hinar göfugu fyrirætlanir. - gun

Krýsuvíkurkirkja áður en hún brann. Arnarfell í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forsvarsmenn Vinafélags Krýsuvíkurkirkju, ásamt skólameistara, kennurum og nemanda Iðnskólans í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MÁLNINGALAGERINN
- ÞAÐ ER FLOTT AÐ SPARA
10. LÍTRA
KR. 5.998,-
KR. 3.990,-
SPARAR KR. 2.000,-
WWW.MALNINGALAGERINN.IS
SÍÐUMÚLI 34 - SÍMI: 517-1500

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Eirberg
Swopper vinnustóllinn
• Bylting fyrir bakið
• Styrkir magavöðvana
• Frelsi í hreyfingum
• Margviðurkenndur stóll
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

FASTEIGNIR.is

13. TBL. 29. MARS 2010

VÍSIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson, lögg. leigumiðlari

Óskum landsmönnum öllum, með og án mottu, gleði og friðar um páskana

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir löggiltir fasteigna- og leigumiðlarar, með áratugareynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA

VITASTÍGUR 101 RVK.

TIL LEIGU 90.m2 MJÖG GOTT SKRIFSTOFU HÚSNÆÐI Á 3JU HÆÐ. Húsnæði skiptist í baðh,kaffistofu,fundarherb. & stórt rými aðgangur að stórum svölum.

Uppl í síma: 6997878.

Íbúðin í Hólmavaði er á tveimur hæðum og með sérinngangi.

Íbúð sem heldur vel utan um alla fjölskylduna

Heimili fasteignasala er með til sölu stóra og fullbúna fjögurra herbergja sérhæð með sérinngangi og bílskúr að Hólmavaði 2-4.

Íbúðin er á tveimur hæðum og bæði búin verönd og svölum. Á neðri hæðinni eru anddyri, stofa, eldhús, geymsla, þvottahús og gestasalerni en á efri hæðinni eru þrjú rúmgóð svefnherbergi, fjölskylduherbergi og baðherbergi.

Íbúðin er fullbúin með flísalögðu baðherbergi og þvottahúsi en parket er á öðrum rýmum. Innréttingarnar eru frá GKS trésmiðju og hurðir frá Agli Árnasyni. Eldhúsið er búið AEG-eldhústækjum úr burstuðu stáli frá Ormsson en baðkar og blöndunartæki eru frá Tengi.

Eigninni fylgir sérafnotaréttur af lóð sem er afmarkaður hluti af garði og bílastæði framan við bílskúr. Á lóð við hlið stigahúss eru sameiginlegar vagna- og hjólageymslur. Íbúðin er í hverfi sem verður sífellt vinsælla. Hún er laus til afhendingar.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Ásakór 9 - Kóp - 3ja
Opið hús í dag milli kl: 17 og 18.

Glæsileg rúmgóð 3ja herb. 118 fm íbúð á 1.hæð í lyftuhúsi. Parket á gólfum. Eldhús opið inn í stofu. Baðherb. með baðkari og sturtuklefa. 2 góð svefnherb.
Verð 26,9 millj.

Karen og Friðrik taka á móti áhugasömum kaupendum. Bjalla nr. 102

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Laxatunga 94, 96 og 98 Mosfellsbær

Falleg 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði.

Áhv. eru ca. 21 millj. kr. ÍLS lán.
Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.

Laxatunga 116-124 Mosfellsbær

Falleg raðhús á einni hæð. Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Húsin eru fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innveggi. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði.

Áhv. eru ca. 17,5 millj. kr. ÍLS lán.
Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.

Grundartangi 54 - 270 Mosfellsbæ





Vel skipulagt 70,2 m2, 3ja herbergja raðhús á einni hæð með góðum garði við Grundartanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, þvottahús/geymslu, baðherbergi, stofu og eldhús. Timburverönd og sérgarður í vestur. **V. 19,9 m.** 4861

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00 í Grundartanga 54

Bjartahlíð - 270 Mosfellsbær
Falleg og rúmgóð 93,8 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli með sérinngangi af svölum við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og rúmgóða stofu. Við hlið inngangs er köld útigeymsla. Svalir í suðvestur. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsrækt. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 20,5 m.** 4863

Öldugata - 101 Reykjavík
Falleg 54,3 m2, 2ja herbergja íbúð á annari hæð í við Öldugötu 41 í Reykjavík. Húsið er fallegt bárujárnsklædd timburhús á steyptum grunni. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi , stofu, borðstofu og eldhús.
V. 14,9 m. 4862

Kjartansgata - 105 Reykjavík
Falleg og björt 63,3 m2, tveggja herbergja íbúð í kjallara með sérinngangi við Kjartansgötu í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, eldhús, svefnherbergi og stofu. Sér geymsla á hæðinni ásamt sameiginlegu þvottahúsi. Hvítttuð furugólfborð eru á gólfum en flísar á forstofu og baðherbergi. Þetta er björt og skemmtileg íbúð á þessum vinsæla stað í Reykjavík.
V. 15,5 m. 4860

Bárugrandi 5 - 107 Reykjavík
Falleg og björt 3-4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara á fallegum stað við Bárugranda í Reykjavík. Íbúðin er skráð 86,6 m2 og bílastæði í lokuðum bílakjallara 24,1 m2. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu.
Lækkað verð! Eignin er laus til afhendingar! V. 20,9 m. 4847

Hrísrimi - 112 Reykjavík
Falleg og björt 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara við Hrísrima í Reykjavík. Íbúðin er skráð 95,9 m2 og bílastæði í lokuðum bílakjallara skráð 21,0 m2. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, geymslu, þrjú svefnherbergi, eldhús og stofu. Við hlið inngangs er góð útigeymsla. **Eignin er laus til afhendingar strax! Lækkað verð! Áhvílandi lán ca. 20 m. hjá Íbúðalánasjóði V. 21,7 m.**4775

Lynghagi - 107 Reykjavík
3ja herbergja íbúð á jarðhæð í 4ra hæða fjölbýli við Lynghaga 2 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í anddyri, forstofugang, eldhús, stofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. Þetta er rúmgóð íbúð á góðum stað í Vesturbænum, rétt við Háskóla Íslands. **Lækkað verð! V. 21,5 m**. 4706

Engjasel - 109 Reykjavík
3ja herb, björt 80 fm íbúð með glæsilegu útsýni ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í gang, stóra stofu, hjónaherbergi, herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Barnvænt umhverfi. Möguleiki er á að innrétta ca. 30 fm milliloft , sem komið er leyfi fyrir. **Lækkað verð! V. 17,6 m.** 3568

Furugrund - 200 Kópavogur
Falleg og vel skipulögð 69 m2, 3ja herbergja íbúð á annari hæð við Furugrund 74 í Kópavogi. Eignin sem er mikið endurnýjuð er með góðum gólfefnum, endurnýjuðu baðherbergi, nýlegum innihurðum og góðum suðursvölum. Eignin er vel staðsett í grónu hverfi. **V. 16,4 m.** 4865

Línakur - 210 Garðabær
Falleg 120,9 m2, 4ra herbergja íbúð með sér inngangi á jarðhæð við Línakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú rúmgóð svefnherbergi, eldhús, góða stofu, baðherbergi með baðkari og sturtu, þvottahús og sér geymslu. Íbúðin er á jarðhæð og því sér inngangur í íbúðina og góð verönd út frá stofu. **Íbúðin er laus til afhendingar strax! V. 28,5 m.** 4864

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Sérbýli óskast í Reykjanesbæ

Óskum eftir góðu sérbýli í Reykjanesbæ í skiptum fyrir glæsilega 3ja herb. 106,4 fm íbúð í Sjálandi, Garðabæ. Góð milligjöf í boði fyrir rétta eign.

- **Einbýlishús óskast – um 400 fm nýlegt einbýlishús óskast á Höfuðborgarsvæðinu**
- **Þorragata – 4ra herb. íbúð óskast fyrir traustan kaupanda**
- **2ja – 3ja herb. þjónustuíbúð fyrir eldri borgara óskast miðsvæðis í Reykjavík.**

Kleifakór – einbýli í byggingu

Mjög glæsilegt arkitektateiknað 324 m² einbýli á tveimur hæðum á miklum útsýnisstað í Kórahverfi í Kópavogi. Einkar áhugavert skipulag með opnun milli hæða. Á efri hæð er eldhús með útgengt á rúmgóða verönd og svalir, samliggjandi stofur, baðherbergi, hjónaherbergi m. fataherb. og annað herbergi. Á neðri hæð eru 2 svefnherb. m. möguleika á aukaíbúð og sérinngangi, sjónvarpshol m. vinnukrók, 2 snyrtingar og sauna, þvottahús, geymsla og góð bílageymsla. Úr holi er útgengt á verönd. Steyptir skjólveggir á lóð eru komnir. Húsið afhendist í núv. ástandi, þ.e. rúmlega fokhelt. Allar nánari uppl. á skrifstofu.

Bakkagerði.

Fallegt og vel skipulagt um 147 fm einbýlishús sem er kjallari, hæð og ris á þessum eftirsótta stað. 2ja herb. aukaíbúð er í risi. Hús að utan nýlega málað og gler endurnýjað að stórum hluta. **Bílskúrsréttur. Verð 34,9 millj.**

Leiðhamrar.

280,9 fm tvílyft einbýlishús að meðt. 60,9 fm bílskúr sem skiptist m.a. í eldhús, stofu/borðstofu, 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofu með arni og 2 baðherbergi. Stórar svalir úr stofu og eldhúsi. **Húsið er mjög vel staðsett við óbyggt svæði og nýtur mikils útsýnis frá húsinu yfir sundin og Esjuna. 1.064 fm ræktuð lóð með timburverönd og heitum potti. Verð 71,9 millj.**

Stuðlasel.

Vel staðsett 296,2 fm einbýlshús á fjórum pöllum með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist m.a. í rúmgott eldhús með búri innaf, stórt sjónvarpshol, borðstofu með útgangi á verönd til suðurs, rúmgóða stofu með arni, 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Gufubað innaf öðru baðherberginu. **Frábært útsýni úr stofu að Reykjanesi og víðar. Verð 71,9 millj.**

Reykás- 4ra herb.

Falleg 113,9 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð auk bílskúrs. Ný endurnýjað eldhús með fallegum hvítum innréttingum, sjónvarpshol, 3 rúmgóð herbergi, stofa með útgangi á suðursvalir og flísalagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. **Hús áklætt að utan. Verð 30,9 millj.**

Digranesvegur-Kópavogi. Neðri sérhæð

5 herb. 112,5 fm neðri sérhæð. Hæðin skiptist m.a. í stofu með útg. á svalir til suðurs og vesturs, eldhús með þvottaherb. innaf og 4 herbergi. Glæsilegt útsýni úr stofu og af svölum yfir Kópavoginn, að Reykjanesi og að Bláfjöllum. Bílskúrsréttur. **Hús nýlega viðgert og málað að utan. Verð 24,9 millj.**



Miðbraut-Seltjarnarnesi. Efri sérhæð.

Glæsileg 139,7 fm efri sérhæð ásamt tvöf. jeppaskúr. Hæðin skiptist í hol með miklum skápum, rúmgott eldhús með nýrri innréttingu, bjartar samliggjandi stofur, 3 góð herbergi og baðherbergi. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. **Glæsilegt útsýni að Snæfellsjökli, Reykjanesi og til sjávar.Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Verð 45,9 millj.**

TIL LEIGU

Laugavegur – verslunarhúsnæði til leigu.

102,1 fm verslunarhúsnæði við Laugaveginn. Skiptist í verslunarrými á tveimur pöllum. **Þar innaf eru tvö rými sem nýta má eftir þörfum. Laust til afhendingar strax.**

Engjateigur

Engjateigur-skrifstofuhúsnæði til leigu 239,0 fm skrifstofuhúsnæði í glæsilegu lyftuhúsi við Engjateig. Húsnæðið skiptist í afgreiðslu/móttöku, 4 skrifstofur, fundarherbergi og kaffiaðstöðu. **Húsnæði sem býður upp á ýmsa möguleika. Getur leigst í hlutum. Laust til afhendingar strax.**

Laugavegur – verslunarhúsnæði til leigu.

Til leigu 156,3 fm verslunarhúsnæði í nýlegu og glæsilegu húsi við Laugaveginn. **Laust til afhendingar strax. Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

Víðimelur. Efri hæð með bílskúr.

Falleg 64,8 fm efri hæð auk rislofts og 24,5 fm bílskúr í góðu steinhúsi í vesturbænum. Eign sem hefur verið mikið endurnýjuð m.a. eldhús og baðherbergi. Björt stofa og 2 herbergi. **Suðursvalir út af hjónaherbergi. Verð 21,9 millj.**

Freyjugata. 2ja herb. laus strax.

Mikið endurnýjuð 42,8 fm 2ja herb. íbúð með sérinngangi í Þingholtunum. Íbúðin skiptist í alrými, eitt svefnherbergi, lítið eldhús og baðherbergi. Nýtt eikarparket á gólfum. Baðherbergi flísalagt. Nýjar hurðir. Eikarinnréttingi í eldhúsi. Utandyra hefur þak og gler verið endurnýjað og húsið málað. **Frábær staðsetning. Laus strax. LÆKKAÐ VERÐ 12,5 millj.**

Baugakór-Kópavogi. Efri sérhæð

Glæsileg 131,9 fm efri sérhæð í fjórbýlishúsi auk 25,9 fm bílskúrs. Allar innréttingar og gólfefni íbúðarinnar eru hvítt eik. Innfelld lýsing í loftum og gluggar bæði á baðherbergi og þvottaherbergi. Samliggjandi stofur með útgangi á stórar flísalagðar svalir til suðurs. **3 svefnherbergi. Verð 41,9 millj.**

Hlaðhamrar.

Mjög vel skipulagt 138,6 fm raðhús með innb. 35,4 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, stofu, sólskála, sjjónvarpsstofu, eldhús, þvottaherbergi, geymslu 3 svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð. Ræktuð lóð og hiti í stéttum fyrir framan hús. **Laust til afhendingar strax. Verðtilboð.**

Ránargata- 3ja herb.

Mikið endurnýjuð 91,8 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi. Rúmgóðar og bjartar samliggjandi stofur með útgengi á um 20 fm svalir, eldhús með fallegri viðarinnréttingu og vönduðum tækjum, rúmgott svefnherbergi og flísalagt baðherbergi. **Sér bílastæði á lóð fylgir íbúðinni. Verð 30,5 millj.**

Grófarsmári-Kópavogi.

Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

ÞJÓNUSTA

Veislusalir
Veislusalur til leigu með eða án veitinga. Uppl. s. 696 2242.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja



Trjáklippingar og fellingar, laufahreinsun, stéttahreinsun, þökulagnir, girðingasmíði, jarðvegsvinna og margt fleira. Garðar best ehf s. 698 9334 garðarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best

Garðsláttur
Húsfélög, einstaklingar pantið sláttur fyrir sumarið. Getum bætt við okkur verkefnum. Áratugareynsla, látið fagmann vinna verkið. Garðaþjónustan Björk, S. 899 7679 & 846 8643, joigard@gmail.com Jóhannes garðyrkjumeistari.

Trjáklippingar
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Er öspin til ama ?
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Trjáklippingar / fellingar / sláttur
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Bókhald

Skattframtal 2010
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila frá 5.000 kr. Ég er viðskiptafræðingur Cant.Oecon. Með mikla reynslu. Ódýr og góð þjónusta. Kíktu á www.skatt.is S:661-3703 S. 661 3703. www.skatt.is

FRAMTAL 2010
Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí.

Opið einnig um helgar. Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.

Skattaframtal 2010
Bókhald,framtöl,stofnun fél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl. HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sannngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Fjármál

Fjármálaráðgjöf, útreikningar og gagnaöflun vegna greiðsluaðlögunar, yfir 20 ára reynsla, sími: 577-7796, 770-7796, www.regis.is

Málarar

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Steingæði ehf viðhaldsþjónusta
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, málingu, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Fljót og góð vinnubrögð. Komum og gerum tilboð að kostnaðarlausu. Steingæði Uppl. í síma 899 2924 VISA - EURO - MASTER



Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is



Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Ryð og lekavarnir!
Varist kostnaðarsamar framkvæmdir, Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Andri og Kristján. S. 659 1509 &

HB Flísar geta tekið að sér ýmiskonar flísalagnir. Fagleg og vönduð vinnubrögð. Bryngeir 6599105

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Stífluþjónusta

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Nudd

Unaðsnudd! Komdu og leyfðu okkur að stjana við þig. Gott verð! S. 692 1123.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 4850 & 857 5015.

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

Good relaxing massage for men!!! S. 692 3219.

NUDD NUDD NUDD. Whole boby massage.S.692 2126

Whole body massage. S. 849 5247

Very good massage for men. Gsm. 690 9182.

NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Spádómar

Steinunn 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.

Til sölu

Til sölu

Veitingastaður á vesturlandi

Til sölu þessi nýlega húseign, sem er um 200 fm og selst með öllum búnaði og tækjum sem eru á staðnum til veitingareksturs. Eignin stendur í hjarta Ólafsvíkur á einstaklega fallegum stað. Húsið er byggt 2006. Frábært tækifæri fyrir duglega matreiðslumenn sem vilja byggja upp eigin rekstur. Upplýsingar gefur

Fyrirtækjasala Íslands S: 520-3500 og 824-2480.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Viðgerðir

Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

Önnur þjónusta

Tanka og pallaviðgerðir - Viðgerðir á ál-vélahlutum - Kerru viðgerðir - Öll almenn ál og ryðfrí smíði - 5 met. innkeyrsluhurðir - Áratuga reynsla.

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send samdægurs beint heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

Lítið notað Tadiran kælitæki á hjólum frá Kælitækni til sölu. Hentar fyrir tölvurými/minni rými sem þarf að kæla. Kæligeta 9000 But/kls., orka 1050w. Þyngd 33kg.,stærð 83x47 (hxb). Uppl. í síma 896-0747.

Óskast keypt

Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Óska eftir lagerrekkum fyrir europallettur. s:862-0086

Heimilistæki

Ný og notuð heimilistæki til sölu. (Ísskápar og þvottavélar). S. 615 0488.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Timbur til sölu 2x4 ca. 800m Dokaborð 50 stk 3m. mótasetur 1200stk

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur næst með Herbalife
Hringdu núna, Margrét S. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Frábært nudd - good massage. S. 844 0329 & 846 1397.

NÝTT SPA - DREAM OASIS
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

NUDD TILBOÐ FYRIR 2 KR. 9900
Skrúbb, heitur pottur og nudd. Tilboð í DETOX fyrir 2 kr.9000. Margar tegundir af nuddi, slökun, snyrting, veitingar, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Ekkert sex nudd, NO sex massage. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantanir 445 5000.

J. B. Heilsulind.

NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Leirkrúsin - Helgarnámskeið
Rakú, glerungar, handmótun. Opin vinnustofa Uppl. 555 1809/661 2179 www.leir.is

ICELANDIC - ANGIELSKI dla POLAKÓW NORSKA - ENSKA fyrir BÖRN
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30/18-19:30, start 29/3, 26/4. Level II: 4 w. Md to Fr; st. 19:45-21:15, st 29/3. Level III: 4w. 13-14:30 st:29/3. Level IV 4w. Mnd-Fri 8-9:30/16-17:30; st.29/3. Level V: 4w. Mnd-Fri 8:00-9:30, st 12/4. ANGIELSKI dla POLAKÓW: 5 weeks: Level I: 5 weeks; Md to-Thu; 10:30-12 or 17:30-19:00 st. 26/4. Level II: 7 w; 9-10:30 or 19:15-20:45 Md, We, Fri, st. 26/4. NORSKA;4 vikur, mán til fös kl 19:45-21:15, stig I: 26/4 og stig II:/3. ENSKA f. BÖRN 5-8 ára, 8 vikur; þri/fim kl 16:30-17:30: 30/3. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Heimilistæki

Nýleg Electrolux þvottav. 6kg. 1200sn. á 85þús. Kostar ný 115þús. S. 7736250

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ýmislegt



HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University.
For more info call 692 0649

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

Til leigu í Skipholti
Gott 137m² skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í lyftuhúsi til leigu. Stækkanlegt. Afh. 1. apríl. Móttaka, 4 skrifst.herb., eldhús og geymsla. Dúkur. Tölvulagnir. Næg bílastæði. Hagstæð leiga. Uppl. í síma 896-0747.

2-3 herb. íbúð til leigu á Hlíðarvegi í Kóp. Gæludýr leyfð. V. 105 þús. S. 860 0811.

SKAMMTÍMALEIGU
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Nýstandsett 2ja herb. 48fm íbúð til leigu að Súðarvogi 7 3ja hæð. Ekki með húsaleigubótum. Laus strax. Uppl. í s. 862 6679 & 824 3040.

Húsnæði óskast

Einbýli-raðhús í Reykjavík, Seltjarnarnesi eða miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu óskast á leigu fyrir 4 manna fjölskyldu. Upplýsingar sendist: veigaosk@visir.is

Tapað - Fundið

SNOTRA er týnd. Síðast er vitað um hana í bíl hjá útlendingum við Úthlíð í Biskupstungum. Upplýsingar í símum 894-7980 og 862-8640

Húsnæði til sölu

Viltu flytja vestur?
Hef til sölu íbúð í nýju parhúsi á Tálknafirði. Íbúðin er að mestu fullbúin og er 113 m2 auk 60 m2 bílskúr. Íbúðin skiptist í tvö barnaherbergi (stór), hjónaherbergi, bað, þvotthaerb., forstofu auk stofu og eldhús. Opið rími og mikil lofthæð. Upplýsingar í síma 8690918, Guðni. Hagstætt verð.

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU NÝL 70M2 IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ 3M HURÐ WC GOTT PLAN VERÐ 85Þ S-892 7858

Tvö Skrifstofuherb. til leigu
að Súðarvogi 7 ca. 18fm hvort á 2 hæð. Aðgangur að sameiginlegu fundarherb. og kaffistofu. Uppl. Hlynur s. 824 3040.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Dalvegur, leiguhúsnæði
400 fm geymsluhúsnæði m. mikilli lofthæð á Dalvegi 26. S. 690 6009.

ATVINNA

Atvinna í boði

Leitum að umsjónarmanni véla og tækja með reynslu af viðhaldi á vélum. Einnig vanan garðyrkjumann. Um framtíðarstörf er að ræða. Umsóknir á gardlist.is

Tilkynningar

AUGLÝSING

um deiliskipulag spildu á Dal, lóðar úr landi Stóra-Knarrarness II, Vatnsleysuströnd, landnr. 211259 Sveitarfélaginu Vogum.

Með vísan til ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 23. mars, 2010 samþykkt deiliskipulag spildu á Dal, lóðar úr landi Stóra-Knarrarness II, Vatnsleysuströnd, landnr. 211259 Sveitarfélaginu Vogum.

Bæjarstjórn samþykkir deiliskipulagið samhljóða skv. uppdrætti dags. nóvember 2009 endurskoðaður í mars 2010, með þeim breytingum sem koma fram í svörum umhverfis- og skipulagsnefndar við athugasemdum við deiliskipulagstillöguna. Málsmeðferð verði í samræmi við 3. og 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 frá 1997. m.s.br

Breytingin felst í því að hjólhýsi hefur verið fellt út á uppdrætti og heitin kirkjuvegur og kirkjugrunnur í skilmálum. Auk þess hefur heiti skipulagsins verið skýrt með nákvæmara heiti og landnúmerum.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Frekari upplýsingar gefur byggingarfulltrúi.

Hverjum þeim er telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til Úrskurðarnefndar Skipulags- og byggingarmála, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðina.

Vogum, 26. mars, 2010
F.h. bæjarstjórnar
Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri

CHRISTOPHER LAMBERT ER 53 ÁRA Í DAG.

„Það gildir um allt í lífinu, að maður ætti hvorki að vera hræddur við að gera tilraunir né mistakast.“

Christopher Lamber er franskur leikari, frægur fyrir hlutverk sín í frönskum og bandarískum kvikmyndum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 29. MARS 1947

Fyrsta Heklugos í rúma öld

Á þessum degi árið 1947 hófst gos í Heklu, það fyrsta í 102 ár. Gosið hófst á laugardagsmorgni, rétt fyrir klukkan sjö, og vaknaði fólk austanfjalls við snarpan jarðskjálftakipp sem var undanfari gossins.

Fyrsta dag gossins steig gosmökkurinn upp í 10-12 kílómetra hæð en átti hæst eftir að ná 30 kílómetra hæð og barst aska úr gosinu meðal annars til Finnlands og Englands það rúma ár sem gosið stóð.

Fyrsta dag gossins flugu um 300 manns í kringum eldstöðvarnar í Heklu og enn fleiri flugu þangað næstu daga. Hjá flugfélögum var

stanslaus straumar af fólki sem vildi panta far að eldstöðvunum og komust færri að en vildu. Bílaumferð var einnig mikil austur yfir fjall enda blíðviðri þennan laugardag sem gosið hófst. Bílalestin var nær óslitin frá bænum og austur að Kömbum og urðu víða slæmar umferðarteppur þannig að um þrjár klukkustundir tók að komast frá Kambabrún til Reykjavíkur.

Gosið varð fyrsta þaulrannsakaða gosið hér á landi og fyrsta daginn fóru tveir leiðangrar jarðfræðinga að gosinu og komu upp athugunarstöðvum á næstu bæjum.

MERKISATBURÐIR

1881 Bjarndýr er skotið á Látrum við Eyjafjörð. Um svipað leyti eru fleiri bjarndýr skotin á nokkrum stöðum austanlands.

1951 Julius og Ethel Rosenberg eru dæmd fyrir njósnir í Bandaríkjunum. Þau eru tekin af lífi tveimur mánuðum síðar.

1961 Lög um launajöfnuð kvenna og karla eru staðfest. Markmiðið er að ná fullum jöfnuði 1. janúar 1967.

1970 Henný Hermannsdóttir, 18 ára, sigrar í keppninni Miss Young International í Japan.

†

Elskuleg móðir okkar, amma, systir og frænka,

Sigríður Ásgeirsdóttir

verður jarðsungin í Laugarneskirkju miðvikudaginn 31. mars kl. 13.

Jenný Hildur Clausen
Brynjar Örn Clausen
Sara Lind Ómarsdóttir
Kristín Ásgeirsdóttir
Gísli Ásgeirsson
og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gerða Herbertsdóttir

andaðist á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 26. mars. Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 7. apríl kl. 15.00.

Herbert Haraldsson
Sigríður Haraldsdóttir
Jón Ingi Herbertsson
Gerða Gunnarsdóttir
Lára Guðrún Gunnarsdóttir
og barnabarnabörn.

Hallfríður Ragnheiðardóttir
Gunnar Þór Ólafsson
Laufey Elísabet Löve
Guðmundur Arnar Jónsson

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir Ellis

lést í Dunedin, Florida, mánudaginn 15. mars. Hennar verður minnst í Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 30. mars, kl. 15.00.

James Daniel Ellis
Ísleifur Gíslason
Finnbjörn Gíslason
Sigríður G. Robinson
Kristín J. Ellis
Ruth Dora Ellis Schwartz
Marta Ann Kellam
Jenny Lynn Ellis Mudge

Arndís Borgþórsdóttir
Margrét Jóhannsdóttir

David Schwartz
Ben Kellam
Bradford Keyes Mudge

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

SAFNIÐ ÖLLUM OPIÐ Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður segir alla velkomna á safnið en skjöl þess þekja um 550 hillumetra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÉRAÐSSKJALASAFN VESTMANNAEYJA: ER ÞRJÁTÍU ÁRA

Fjársjóðir geymdir í safninu

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja var stofnað þann 28. mars árið 1980 og varð því þrjátíu ára í gær. Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðskjalavörður safnsins hefur gegnt þeirri stöðu í rúm tuttugu ár og segir safnið geyma ógrynni merkilegra skjala.

„Safnið er fyrst og fremst skjalasafn Vestmannaeyjabæjar og geymir því skjöl allra stofnana bæjarins, margra fyrirtækja, félagasamtaka, sóknarnefndar Landakirkju og svo einstaklinga. Safnið geymir líka talsvert af skipsdagbókum, leiðabókum og fleiri bókum sem færðar voru um borð í vélbátaflotanum frá Vestmannaeyjum frá upphafi vélbátaútgerðarinnar í Eyjum í byrjun tuttugustu aldarinnar."

Í tengslum við afmælið var sýningu komið fyrir í anddyri Safnahússins en þar er safnið til húsa ásamt öðrum söfnum bæjarins. Er þar er sitt lítið af hverju úr skjalaúrvalinu sýnt; skemmtileg og merkileg skjöl. Má þar nefna elstu skjöl safnsins sem eru Sáttabók Vestmannaeyja frá 1799 til 1829.

Sjálfri finnst Jónu með merkilegri skjölum sem safnið geymir vera 19. aldar skjöl, til að mynda mjög heildstætt safn verslunarskjala úr þeim gömlu verslunum sem voru í Eyjum, svo sem úr Garðsverslun á Skansinum. Þetta eru líklega þrjú til fjögur hundruð bækur. „Það er merkilegt að eiga alla þessa sögu þar sem viðskiptin eru skráð nákvæmlega og hægt er að lesa um hvað bændurnir uppi í sveitunum voru að taka út í vörum, hversu mörg pund af sykri og svo framvegis. Það þarf bara einhver að rannsaka þessi skjöl nánar. Hægt væri að skrifa verslunarsögu Vestmannaeyja með góðu móti."

Það sama á við um mörg skjöl safnsins að sögn Jónu. „Við fengum til að mynda sýsluskjöl Vestmannaeyja frá Þjóðskjalasafni og þau eru geymd í eldtraustri geymslu og einnig erum við með alla pappírana um Vestmannaeyjagosið. Einnig hefur mikil félagastarfsemi verið í Eyjum og þar má finna ógrynni af fundargerðabókum og slíku. Í safninu er nokkuð af forvitnilegum bréfasöfnum, til að mynda mjög yfirgripsmikið bréfasafn á esperantó, með bréfum alls staðar að úr heiminum úr fórum frú Ille Guðnason, fyrrverandi bókavarðar í Eyjum."

Jóna Björg segir að grúskið sé eitt það skemmtilegasta við starfið og ítrekar að safnið er öllum opið. Lestrarsalurinn er opinn frá 10-17 mánudaga til fimmtudaga og 10-18 á föstudögum.

juliam@frettabladid.is

†

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Upplýsingar um stærðir og verð, hafið samband í síma 512 5490 - 512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is

Fyrirlestur um ítölsk skáldverk

Gino Ruozzi, aðstoðarprófessor í ítölskum bókmenntum við háskólann í Bologna á Ítalíu, heldur fyrirlestur í dag um bókmenntir eftirstríðsáranna á Ítalíu í Háskóla Íslands.

Ítalskar bókmenntir á 6. og 7. áratugnum þykja endurspegla vel þær miklu breytingar sem urðu á ítölsku samfélagi á sama tíma. Fyrirlesturinn hefst klukkan tvö, í stofu 218 í aðalbyggingu háskólans. Erindið er flutt á ítölsku en enskri þýðingu verður varpað upp jafnóðum. **- jma**

BREYTT SAMFÉLAG Ítalskt samfélag þótti breytast hratt eftir síðari heimsstyrjöld og endurspeglast það í bókmenntunum.

ADC*E
Silfurverðlaun/Bækur, bókverk og ársskýrslur 2009

THE CUP INTERCONTINENTAL ADVERTISING CUP
Gullverðlaun/Best of Publications 2009

FÍT
Gullverðlaun/Grafísk hönnun fyrir prentmiðla 2009

FLORA ISLANDICA
FEGURSTA BÓK Í HEIMI

Alþjóðleg dómnefnd valdi Flora Islandica best hönnuðu bók í heimi
Við óskum Snæfríði Þorsteins og Hildigunni Gunnarsdóttur til hamingju með The Cup Awards 2009

Flora Islandica, safn flóruteikninga Eggerts Péturssonar, var aðeins gefin út í 500 tölusettum og árituðum eintökum
Nú eru örfá eintök eftir af þessum margverðlaunaða safngrip

ÁTT ÞÚ FEGURSTU BÓK HEIMS?

Fæst hjá Crymogeu, í Kraum, Aðalstræti 10 og Eymundsson, Skólavörðustíg og Akureyri

CRYMOGEA
– fegurðin býr í bókum

Crymogea | Barónsstíg 27 | 101 Reykjavík | sími 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

Fagor hitakútar

TBWA\PIPAR • SÍA • 100814

Hitakútur 15 lítra Fagor 230V — 45.900

Hitakútur 30 lítra Fagor 230V — 49.900

Hitakútur 50 lítra Fagor 230V — 56.900

Hitakútur 75 lítra Fagor 230V — 65.900

Hitakútur 100 lítra Fagor 230V — 73.900

Hitakútur 150 lítra Fagor 230V — 82.900

Hitakútur 200 lítra Fagor 230V — 97.900

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING

Ertu rosalega hress?

Reykjavík by Day & Night leitar eftir sölufulltrúum til starfa. Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði, hafa eldmóð, sífellt með bros á vör og búa yfir góðri tungumálakunnáttu.

Reykjavík by Day & Night er „One Stop Shop" fyrir ferðamenn í og utan Reykjavíkur.

Áhugasamir sendið inn umsóknir á birna@reykjavikbyday.is fyrir 6. apríl.

REYKJAVÍK BY DAY & NIGHT
reykjavikbyday.is

Aðalfundur
Skógræktarfélags Kópavogs

verður haldinn mánudaginn 29. mars kl. 20:00 á Digranesvegi 12.

Dagskrá:
Aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins
Erindi: Þættir af trjárækt í Kópavogi
Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri Kópavogs fjallar um trjá- og skógrækt í bænum í máli og myndum.

Félagar fjölmennið
Skógræktarfélag Kópavogs
www.skogkop.net

512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

Jörð í Afríku

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Mér var boðið í afmælisveislu til vinkonu minnar fyrir skömmu. Ekki vildi hún fá bók, geisladisk eða annað sem gaman hefði verið að velja og fá að pakka inn. Nei, hana langaði í geit eða jafnvel hænu. Sem betur fer ætlaðist hún ekki til að prúðbúnir gestirnir mættu til boðsins með kvikindin spriklandi undir arminum eða rækju hjörðina á undan sér inn í salinn, heldur var okkur bent á vef Hjálparstarfs kirkjunnar, www.gjofsemgefur.is. Þetta var í fyrsta skipti sem ég rak nefið þangað inn og ekki var að sökum að spyrja, gömul kaupgleði tók sig upp. Ég hafði ekki orðið hennar vör síðan löngu fyrir hrun þegar vafr inni á Amazon-vefnum var álitið saklaus iðja.

Á www.gjofsemgefur.is er hægt að verja allt frá 1.300 kr. í svokallaðar sparhlóðir sem notaðar eru í Eþíópíu upp í 150.000 kr. til kaupa á brunni fyrir íbúa Malaví eða Mósambík. Úrvalið inni á vefnum er ekki aðeins ríkulegt heldur líka frumlegt. Þarna er til dæmis hægt að kaupa hreint vatn sem dugar 35 manns fyrir litlar 5.000 kr. og fyrir sömu upphæð býðst hin fullkomna fermingargjöf, að frelsa barn úr skuldaánauð. Fyrir 2.000 kr. fæst skóladót eða fræ og verkfæri til matjurtaræktar.

GEIT kostar 2.500 kr. og ég var ekki sein að fjárfesta í einni slíkri handa afmælisbarninu vinkonu minni. Síðan prentar maður út gjafakort eða fær Hjálparstofnun kirkjunnar til að gera það og senda í réttar hendur. Fleira býðst á fyrrnefndum vef en ég hef þegar nefnt og gaman er að telja upp, svo sem reiðhjól, kýr, verkfærakassi, sjúkrakassi, saumavél eða jafnvel heill kamar. Hver vill ekki kamar til dæmis í brúðargjöf og það þótt í Afríku sé og ekkert víst að maður komist nokkurn tímann í sömu sýslu, hvað þá að manni verði þá endilega mál? Kamar er alveg örugglega eitt af því sem sælla er að gefa en að verða að þiggja.

NÚ þegar fermingar- og sumargjafatíminn er runninn upp, og brúðkaupin bíða á bak við næsta hól, langar mig til að benda fólki á að kynna sér gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is. Þar er hægt að sjá hvað raunverulega þarf til að lifa því sem hægt er að kalla mannsæmandi lífi. Oft snýst það nefnilega ekki um annað en að vera frjáls manneskja, hafa aðgang að vatni og eiga kannski geit og jafnvel líka hænu. Gleðilega páska!

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Öll Eurovision-lögin tilbúin og spennan magnast

Lögin 39 í Eurovision eru nú komin fram og Eurovision-vertíðin fyrst byrjuð fyrir alvöru. Óhætt er að segja að fátt komi verulega á óvart í þessari fimmtugustu og fimmtu Eurovisionkeppni.

Stuðið hefst þriðjudaginn 25. maí. Þá keppa 17 lög um tíu laus sæti í aðalkeppninni. Íslenska lagið er síðast á dagskrá, sautjánda lag kvöldsins. Það þykir ágætis staður til að vera á. Moldóvar ríða hins vegar á vaðið þetta kvöld með hressilegu europoppi á ensku í flutningi SunStroke Project og söngkonunni Olia Tira.

Keppninautar Heru

Það er mikill hrærigrautur í gangi þetta kvöld, en öll frumefni Eurovision síðustu ára eru samt á sínum stað, hvort sem það eru léttklæddar ljóskur eða þjóðlegi fílingurinn. Stundum fer þetta saman eins og hjá frændum okkar Finnum sem senda tvær söngkonur úr kvennagrúppunni Värttinä. Önnur spilar líka á harmóníku og lagið er ekta finnskur tangó sunginn á finnsku.

Þótt enskan sé enn þá vinsæl hafa nokkrar þjóðir tekið þá áhættu að syngja á móðurmálinu. Á okkar undankvöldi syngur til að mynda slóvakíska söngkonan Kristina á slóvakísku, rétt eins og Serbinn Milan Stankovic, Grikkinn Giorgos Alkaios, Portúgalinn Filipa Azevedo og Gjoko Taneski frá Makedóníu. Á meðan við bíðum eftir Heru á svið fáum við að heyra vestrænt tölvuknúið popp og dramatískar ballöður – allt samkvæmt bókinni. Lagið „Siren“ með Malcolm Lincoln & Manpower 4 frá Eistlandi er líklega óvenjulegasta lag kvöldsins. Þar er ófrumleika skipt út fyrir einlægan drengjasöng í ágætis lagi.

Hrærigrauturinn heldur áfram

Oftast er lítill spenningur fyrir „hinu“ undankvöldinu, því sem Ísland er ekki með á, enda harðkjarna Eurovision-fíklar ekki svo fjölmennur hópur. Á því kvöldi heldur hrærigrauturinn áfram að bulla á pönnunni í Ósló. Þeir sem leggja það á sig munu heyra 17 lög, sungin á hebresku, frönsku, hollensku, slóvakísku, búlgörsku, króatísku og ensku. Þarna eru ýmsar þjóðir sem við höfum hrúgað á stigum í gegnum tíðina. Danska lagið er mjög „danskt“ og flutt af Chanée and N'evergreen, ungu og fallegu fólki. Lagið minnir nokkuð á „Every breath you take“ með Police. Svíar senda Önnu Bergendahl, sem syngur fremur tilþrifalitla ballöðu. Frændur okkar Írar senda íralega ballöðu með söngkonunni Niamh Kavanagh. Niamh, sem er fædd árið 1968, hefur reynslu af Eurovision því hún sigraði í keppninni árið 1993 með laginu „In your eyes“, sem ekki nokkur maður man eftir.

Franskt rapp

Tíu lög fara áfram af þessu kvöldi og það verða því 25 lög samtals á aðalkvöldinu laugardaginn 29. maí. Fimm lög þurfa ekki að fara í gegnum nálarauga undankeppnanna, „stóru löndin fjögur“ og gestgjafarnir Norðmenn, sem senda ungan hjartaknúsara, Didrik Solli-Tangen, og angurværa sykurballöðu.

FULLTRÚAR FJÖGURRA LANDA Í ÁR

Krakkarnir í **SunStroke** frá Moldóvíu, **Þjóðdansafélag Slóveníu**, hinn eyrnastóri **Michael von der Heide** frá Sviss og listakonan **Aisha** frá Lettlandi.

Spánverjar senda Daniel Diges, mann með afró, aðstoðarballerínu og ballöðu á spænsku í farteskinu. Bretar bjuggu til „idol-keppni“ í kringum sitt val og í henni vann hinn vongóði Josh, sem syngur þunnt stuðlag eftir Waterman og Stock, sem voru heitir fyrir rúmlega tuttugu árum. Blakki rapparinn Jessy Matador tekur hresst stuðlag fyrir Frakka, „Allez! Ola! Olé!“ og rappar að sjálfsögðu á frönsku. Þjóðverjum er ekki eins annt um þjóðtunguna og Frökkum og senda Lenu Meyer-Landrut að syngja lagið „Satellite“ á ensku. Það er ljóst að Emilíana Torrini hefur haft mikil áhrif á þýska poppið því laginu svipar nokkuð til poppuðustu laga hennar.

drgunni@frettabladid.is

VS
Verkalýðsfélag Snæfellinga

Verkalýðsfélag Snæfellinga lýsir þungum áhyggjum yfir atvinnumálum á Snæfellsnesi á næstu vikum og mánuðum. Fjörðurinn er fullur af fiski, en nánast allur flotinn bundinn við bryggju vegna skorts á aflaheimildum. Núna um miðjan marsmánuð eru bátar búnir með kvótann sem þýðir að hér verður stórfellt atvinnuleysi. Hundruð manna í fiskvinnslu og sjómenn missa vinnuna. Því skorar Verkalýðsfélag Snæfellinga á sjávarútvegsráðherra að leita allra leiða til að auka kvótann. Eins og málum er háttað í þjóðfélaginu í dag verðum við að spenna bogann eins hátt og við getum og leyfa atvinnulífinu að njóta vafans.

Verkalýðsfélag Snæfellinga mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar að afnema sjómanna afsláttinn. Þetta er aðför að launum sjómanna, það út í hött að ráðast á þessa stétt sem við þurfum svo sannarlega að treysta á ef þjóðfélagið á að ná sér úr þessari kreppu sem skattfrír hópur óreiðumanna kom okkur í.

OF MONSTERS AND MEN VANN MÚSIKTILRAUNIR

Of Monsters and Men er aðeins tveggja vikna gömul í núverandi mynd. Hljómsveitin gerði sér lítið fyrir og vann Músiktilraunir á laugardagskvöld.

SIGURVEGARAR Hljómsveitin Of Monsters and Men vann Músiktilraunir á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við bjuggumst eiginlega ekki við að vinna. Sigurinn kom okkur á óvart," segir Ragnar Þórhallsson úr hljómsveitinni Of Monsters and Men, sigurhljómsveit Músiktilrauna í ár.

Söngkonan Nanna Bryndís Hilmarsdóttir lagði fyrstu drög að hljómsveitinni fyrir nokkrum misserum þegar hún fékk í lið með sér gítarleikarann Brynjar Leifsson. Ragnar kom svo inn í hljómsveitina fyrir síðustu Iceland Airwaves-hátíð og Arnar Rósenkranz var fenginn á slagverk aðeins tveimur vikum fyrir keppnina.

Hvernig myndirðu lýsa tónlist Of Monsters and Men ef ég myndi skikka þig til þess?

„Ég veit það ekki. Þetta er kannski einhvers konar poppuð folk-tónlist."

Ragnar nefnir enga sérstaka áhrifavalda, en segist hlusta mikið á indísveitina Bon Iver, sem varð vinsæl í kjölfar útgáfu plötunnar For Emma, Forever Ago fyrir tveimur árum. „Annars er hljómsveitin bara blanda af því sem við hlustum á," segir hann.

Ragnar vonast til þess að sigurinn komi Of Monsters and Men á framfæri, en reynslan sýnir að sigurvegarar keppninnar ná oft að vekja á sér talsverða athygli. „Ef við spilum rétt úr spilunum ættum við að geta nýtt okkur sigurinn vel," segir hann. Hljómsveitin fékk meðal annars 20 hljóðverstíma í sigurlaun sem verða nýttir til að taka upp lög sem útvarpshlustendur fá að öllum líkindum að heyra.

Og hvað er fram undan?

„Semja meira og spila meira."

Plata væntanleg?

„Vonandi. Við stefnum að því."

atlifannar@frettabladid.is

SIGURVEGARAR MÚSIKTILRAUNA SÍÐUSTU ÁR

1999 - Mínus
2000 - XXX Rottweiler hundar
2001 - Andlát
2002 - Búdrýgindi
2003 - Dáðadrengir
2004 - Mammút
2005 - Jakobínarína
2006 - The Foreign Monkeys
2007 - Shogun
2008 - Agent Fresco
2009 - Bróðir Svartúlfs
2010 - Of Monsters and Men

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 8 - 10:10	
WHEN IN ROME	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG	kl. 5:40	L
BOUNTY HUNTER	kl. 8 - 10:20	12
THE LOVELY BONES	kl. 8 - 10:30	12
THE BLIND SIDE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl.5:40(3D)	L
ALICE IN WONDERLAND	kl. 5:40	

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
ALICE IN WONDERLAND - 3D	kl. 8	L
AVATAR - 3D	kl. 10:20	10
WHEN IN ROME	kl. 8 - 10	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
WHEN IN ROME	kl. 5:50 - 8:10 - 10:20	L
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 8 - 10:20	12
THE BLIND SIDE	kl. 5:50D	10
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 5:50(3D) - 8:10(3D)	L
SHUTTER ISLAND	kl. 10:10	

SAMBÍÓIN SELFOSSI		
GREEN ZONE	kl. 8	12
THE BLIND SIDE	kl. 8	10
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 10:20	16
SHUTTER ISLAND	kl. 10:20	16

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ 650 kr.

NANNY MCPHEE	kl. 1 (650kr) 3.20 - 5.40	L
KÓNGAVEGUR	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	10
KÓNGAVEGUR LÚXUS	kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	10
BOUNTY HUNTER	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.25	7
THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.30	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 8	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 1 (650kr)	L
AVATAR 3D	kl. 1 (950kr) - 4.40	10
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 1 (650kr)	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

KÓNGAVEGUR	kl. 5.45 - 8 - 10.15	10
LOVELY BONES	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
DAYBREAKERS	kl. 8	16
THE GOOD HEART	kl. 5.50 - 8 - 10.10	10
PRECIOUS	kl. 5.30	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 10.15	14

facebook.com/smarabio

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

KÓNGAVEGUR	kl. 6 - 8 - 10	10
NANNY MCPHEE 2	kl. 6 - 8	L
BOUNTY HUNTER	kl. 10	7

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

EARTH	kl. 6 - 8 - 10	L
SHUTTER ISLAND	kl. 6 - 9	16
DAYBREAKERS	kl. 8 - 10.15	16
THE GOOD HEART	kl. 5.50 - 8 - 10.10	10
NIKULÁS LITLI	kl. 6	L

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG	kl. 5.50	L
BOUNTY HUNTER	kl. 5.50, 8 og 10.10	7
GREEN ZONE	kl. 5.40, 8 og 10.10	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 10.10	16

PÁSKATILBOÐ

8.900 kr. nóttin á mann
í tvíbýli og frítt fyrir börnin*

*12 ára og yngri gista frítt í herbergi með foreldrum og matur af barnamatseðli.

- Gisting, morgunverður og kvöldverður.
- Á Hótel Örk er góð sundlaug, heitir pottar, gufubað og allt sem þarf til að láta líða úr sér.
- Ýmsir afþreyingarmöguleikar í næsta nágrenni.

Ekki leita langt yfir skammt. Hótel Örk er í aðeins um hálftíma akstursfjarlægð frá Reykjavík

HÓTEL ÖRK

Breiðumörk 1.C | 810 Hveragerði | www.hotel-ork.is | info@hotel-ork.is | tel: +354 483 4700

SJÓNVARPSTILBOÐ

JVC

JVC LT42A90
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, DynaPix Plus myndtækni sem fjölgar línum og punktum, 2 Scart, 3 HDMI, heyrnartólstengi, HD Ready ofl.

DynaPiX Plus

TILBOÐ 159.990
FULLT VERÐ kr. 179.990

UNITED

United 22DD91HD
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

TOSHIBA

Toshiba 32AV605PG
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, 20w Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, VGA, Component, Composite, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 109.990
FULLT VERÐ kr. 139.990

TOSHIBA

meta brain

Toshiba 40LV685DN
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, DCDi Faroudja uppskölun, dýnamískri 50.000:1 skerpu, stafrænum DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, Game Mode, Auto Backlight Control - sjálfvirkri baklýsingu, Luma Sense - Tekur mið af birtu í herbergi, USB 2.0, 4 HDMI, VGA ofl.

TILBOÐ 179.990
FULLT VERÐ kr. 229.990

PHILIPS

Philips 42PFL5604H
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x 1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnam. 50000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, USB, PC tengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Component ofl.

TILBOÐ 219.990
FULLT VERÐ kr. 279.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

> Úrslitaleikir í kvöld

Það eru þrír hörkuleikir á dagskránni í körfuboltanum í kvöld. Leikir tvö í rimmum Snæfells og Grindavíkur og Njarðvíkur og Stjörnunnar fara þá fram. Snæfell og Njarðvík unnu bæði góða útisigra í fyrsta leik og geta tryggt sér þátttökuréttinn í undanúrslitum með sigri í kvöld. Annar leikur Hamars og KR í úrslitum Iceland Express-deildar kvenna fer einnig fram, í Hveragerði, en Hamar gerði sér lítið fyrir og vann fyrri leikinn í Vesturbænum. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15.

sport

sport@frettabladid.is

SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON: ÁNÆGÐUR MEÐ SIGURINN Í SERBÍU OG STEFNIR Á ANNAN Í KRÓATÍU

Hólmfríður að spila sinn besta fótbolta fyrir okkur

„Þetta var sannfærandi. Við vorum að spila ágætlega og búa okkur til mörg færi þó við skoruðum nokkuð seint," segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins í fótbolta. Stelpurnar unnu 2-0 útisigur gegn Serbíu þar sem bæði mörkin komu í seinni hálfleik.

Leikurinn var í undankeppni heimsmeistaramótsins. „Serbneska liðið var mun sterkara núna en þegar við höfum mætt þeim áður. Það er kominn nýr þjálfari með nýja hugmyndafræði og nýja leikmenn. Samt sem áður var þetta sigur sem var aldrei í hættu," segir Sigurður sem var ánægður með Hólmfríði Magnúsdóttir en hún skoraði bæði mörk leiksins.

„Hún spilaði frábærlega í leiknum og er að spila sinn besta fótbolta fyrir okkur. Hún var líka mjög frísk á mótinu á Algarve og hefur líklega sjaldan eða aldrei verið í jafn góðu formi."

Ísland mun leika gegn Króatíu á miðvikudaginn og kom hópurinn til landsins í gær. Ef allt er eðlilegt ætti íslenska liðið að vinna þann leik örugglega en Króatía tapaði óvænt 0-3 á heimavelli gegn Eistlandi um helgina.

„Ég sá á heimasíðu UEFA að Króatía átti fimmtán skot á móti fimm en tapaði samt 3-0. Þetta eru úrslit sem koma mjög á óvart því Króatía og Serbía gerðu jafntefli og Eistland hefur tapað sínum leikjum stórt hingað til," segir Sigurður sem stefnir á stórsigur á miðvikudag.

„Þetta er lið sem við eigum að vinna. Það á að vera töluverður styrkleikamunur á liðunum og vonandi náum við að vinna hann stórt. Við erum líka í keppni við Frakkland um markatölu. Við verðum að vera með betri markatölu en Frakkarnir þegar við mætum þeim á Laugardalsvelli," segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins í fótbolta.

SIGURREIFUR Button fagnar hér með Massa eftir keppnina í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Formúla 1 í Ástralíu:

Button fyrstur

F1 Bretinn Jenson Button vann góðan sigur á McLaren Mercedes í ástralska kappakstrinum í gær. Hann kom tólf sekúndum á undan Robert Kubica í mark. Felipe Massa varð þriðji.

Button er eftir sigurinn í gær í þriðja sæti í stigakeppninni með 31 stig, Massa er annar með 33 stig en Fernando Alonso er efstur með 37 stig en hann varð í fjórða sæti í gær. **- hbg**

Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór fram um helgina:

Viktor og Thelma Íslandsmeistarar

FIMLEIKAR Gerplufólkið Viktor Kristmannsson og Thelma Rut Hermannsdóttir urðu Íslandsmeistarar í fjölþraut um helgina er Íslandsmótið í áhaldafimleikum var haldið.

Viktor fékk 79.750 stig en annar var bróðir hans, Róbert Kristmannsson, með 78.800 stig. Þeir bræður fóru á kostum á mótinu en Viktor var stjarnan á laugardeginum en Róbert á sunnudeginum.

Gerpla átti einnig bronsstrákinn sem var Ólafur Garðar Gunnarsson en hann fékk 76.500 stig.

Róbert stal senunni í keppni á einstökum áhöldum er hann sigraði í fimm greinum af sex. Hann varð Íslandsmeistari á gólfi, bogahesti, stökki, tvíslá og jafnvægisslá. Viktor vann síðan bróður sinn í hringjunum.

Thelma Rut nældi sér í 50.550 stig í fjölþrautinni og vann með nokkrum yfirburðum. Gróttustelpan Dominqua Belanyi varð önnur með 47.100 stig. Þriðja varð síðan Gerplustelpan Dóra Sigurbjörg Guðmundsdóttir með 45.650 stig.

Thelma Rut vann í þremur af fjórum greinum í gær. Hún varð meistari á tvíslá, í stökki og á jafnvægisslá.

Belanyi vann hina greinina, gólfæfingar.

Í unglingaflokki sigruðu þau Sindri Steinn Davíðsson Diego úr Ármanni og Norma Dögg Róbertsdóttir sem er úr Gerplu. **- hbg**

MÖGNUÐ Thelma Rut sýnir hér lipur tilþrif á jafnvægisslánni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

ALÞJÓÐLEGT MBA Á ÍSLANDI

Prófessorar úr virtustu viðskiptaháskólum heims, beggja vegna Atlantshafsins, kenna í þessu einstaka námi. Í því er lögð áhersla á framúrskarandi fagþekkingu, eflingu persónulegra eiginleika til að sinna forystuhlutverki og færni til að starfa í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Viðhorf nemenda úr þeim 8 árgöngum sem hafa útskrifast úr MBA í Háskólanum í Reykjavík frá árinu 2002 segir mikið um upplifun og notagildi námsins.

- 95% segja að námið hafi styrkt stöðu þeirra á atvinnumarkaði
- 99% segja að námið hafi gert þau að öflugri starfsmönnum
- 99% segja að námið hafi aukið sjálfstraust þeirra í vinnu

Það sem stendur upp úr er: Framúrskarandi kennarar, kennsluaðferðir, samnemendur og persónuleg færni.

KYNNINGARFUNDIR

Besta leiðin til að kynnast MBA náminu er að koma á fyrirlestur hjá kennara í náminu eða að spjalla við núverandi nemendur. Við hvetjum þig til að heimsækja okkur og kynna þér námið.

31. mars
Kynningarfundur með nemendum
kl. 12.15 – 13.00

8. apríl
Fyrirlestur með Dr. Marc Sachon
kl. 11.30 – 12.30

21. apríl
Kynningarfundur með nemendum
kl. 12.15 – 13.00

6. maí
Fyrirlestur með Dr. Steven Poelmans
kl. 11.30 – 12.30

Skráning á mba@ru.is

„Ég var búin að skoða námið í mörg ár en ákvað alltaf að fresta því fram á næsta ár að sækja um… að lokum tók ég rétta ákvörðun og sendi inn umsókn. Það eina sem ég sé eftir er að hafa ekki gert það fyrr."

S. María Másdóttir, MBA 2010
og eigandi Blómahönnunar ehf.

UMSÓKNARFRESTUR

	Sótt um fyrir	Umsókn svarað
Fyrri	15. apríl	7. maí
Seinni	31. maí	14. júní

Kynntu þér námið á www.hr.is/mba

Enginn má við margnum

ÍR-ingar reyndust ekki mikil hindrun fyrir KR í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar. Breiddin skilaði KR öruggum sigri og farseðli í undanúrslit.

KÖRFUBOLTI Robert Jarvis dró ekki aðeins vagninn fyrir ÍR í Seljaskóla í gær heldur smíðaði hann sjálfur. Á meðan aðrir leikmenn liðsins voru litlu að skila nýttu KR-ingar sér þá breidd sem þeir búa yfir og unnu öruggan sigur. Úrslitin 81-103 og Vesturbæjarliðið komið í undanúrslit.

„Við settum okkur það markmið að klára þetta í tveimur leikjum og nú fáum við góða hvíld fyrir næsta leik. Þetta var sætur sigur. Við stjórnuðum hraðanum allan tímann og mér fannst þetta bara vera spurning um hversu stór sigurinn yrði," sagði Páll Kolbeinsson, þjálfari KR, eftir leikinn.

Fyrsti leikhlutinn var jafn og spennandi en eftir hann reyndust KR-ingar mun sterkari. ÍR-ingar náðu hins vegar góðum kafla í þriðja leikhluta og skyndileg spenna kom í leikinn. Þá tók Páll leikhlé og eftir það var þetta ekki spurning. KR-ingar skoruðu tíu síðustu stigin í leikhlutanum og eftirleikurinn auðveldur.

MAGNAÐUR Pavel Ermolinskij átti enn einn stórleikinn fyrir KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pavel Ermolinskij átti enn einn stórleikinn fyrir KR, var með 20 stig auk þess sem hann tók 16 fráköst og átti 6 stoðsendingar. Jarvis var algjör yfirburðamaður hjá ÍR og skoraði næstum helming stiga liðsins.

„Hann er frábær leikmaður og við áttum í erfiðleikum með hann. Hann hélt þeim inni í leiknum," sagði Páll um Jarvis.

„Varnarleikurinn var mjög góður í seinni hálfleik, við lokuðum vel á þá. Við fráköstuðum ágætlega allan tímann. Það komu mistök inn á milli en mér fannst almennt liðið standa saman, allir sem einn. Ég er sérlega ánægður með Darra (Hilmarsson) sem setti nýjan kraft í þetta. Það er gott að hafa svona mann á bekknum."

Breidd KR var lykillinn að sigrinum. „Ég er með tíu stráka og rúllaði þeim öllum inn. Það er bara frábært að hafa svona bekk og gefur þessu miklu meiri vídd," sagði Páll.

ÍR-ingar fara hins vegar í sumarfrí eftir erfiðan vetur í Breiðholti þar sem meiðsli, heimavallarvandræði ásamt þjálfara- og útlendingaskiptum settu strik í reikninginn.

elvargeir@frettabladid.is

IE-deild karla:

ÍR-KR	81-103
Stig ÍR: Robert Jarvis 36, Nemanja Sovic 20, Hreggviður Magnússon 13, Steinar Arason 4, Kristinn Jónasson 4, Eiríkur Önundarson 2.	
Stig KR: Pavel Ermolinskij 20 (16 frák, 6 stoðs.), Morgan Lewis 18, Fannar Ólafsson 18, Finnur Atli Magnússon 16, Darri Hilmarsson 13, Jón Orri Kristjánsson 6, Brynjar Þór Björnsson 5, Tommy Johnson 3, Steinar Kaldal 2, Ólafur Ægisson 2.	
Tindastóll-Keflavík	94-91
Stig Tindastóls: Friðrik Hreinsson 25, Svavar Birgisson 17, Cedric Isom 17, Donatas Visockis 17, Axel Kárason 7, Helgi Viggósson 5, Helgi Margeirsson 4, Sigmar Björnsson 2.	
Stig Keflavíkur: Draelon Burns 25, Hörður Axel Vilhjálmsson 25, Sigurður Þorsteinsson 10, Uruele Igbavboa 9, Gunnar Einarsson 7, Jón Hafsteinsson 7, Sverrir Sverrisson 6, Þröstur Jóhannsson 2.	

Tindastóll vann frækinn sigur á Keflavík í gær:

Oddaleikur í Keflavík

KÖRFUBOLTI Keflavík og Tindastóll verða að mætast í hreinum úrslitaleik um hvort liðið kemst í undanúrslit Íslandsmótsins. Sá leikur fer fram á Skírdag.

Stólarnir gerðu sér lítið fyrir og lögðu Keflavík af velli, 94-91, á heimavelli sínum í gær.

Tindastóll var undir nær allan leikinn en átti magnaðan endasprett og náði loks að skríða fram úr gestunum og tryggja sér magnaðan sigur sem fáir áttu von á.

Friðrik Hreinsson fór mikinn í liði Stólanna í gær en Draelon Burns og Hörður Axel Vilhjálmsson voru allt í öllu hjá Keflavík. - hbg

AFTUR Í SLÁTURHÚSIÐ Gunnar Einarsson og félagar þurfa að mæta Stólunum í oddaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

PÁSKATILBOÐ

Ryð-frítt

Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

69.900
FULLT VERÐ 90.800

16,5 kw/h

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Grillbúðin www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á PÁSKATILBOÐI

Prentaðu út myndirnar í öllum stærðum með Canon bleki og pappír

Mikið úrval af pappír í öllum stærðum og gerðum. Fínn pappír til að prenta út fermingarboðskort.

Canon PIXMA prentarar nota FINE prenthaus sem er hannaður til að vinna með ekta Canon blek og ljósmyndapappír.

20% afsláttur af Canon pappír í verslunum Pennans*

*Tilboðið gildir til 1. apríl nk.

Notaðu ekta Canon blek
- til að fá ljósmyndir sem endast ævilangt
- til að ná hámarks líftíma á prenthausnum
- til að fá nákvæma og fallega liti

Notaðu ekta Canon ljósmyndapappír
- til að lengja líftíma ljósmynda
- til að fá ljósmyndaútprentanir sem þorna strax
- til að fá fullkominn glans

Verið velkomin í verslanir Pennans: Hallarmúla 2, Hafnarstræti 93 Akureyri, Strandgötu 31 Hafnarfirði, Sólvallagötu 2 Keflavík, Dalbraut 1 Akranesi, Hafnarstræti Ísafirði og Strandvegi 54 Vestmannaeyjum. Sími 540 2000

Penninn Með þér í vinnunni

www.penninn.is | pontun@penninn.is

ÚRSLITIN

Enska úrvalsdeildin

Liverpool - Sunderland	3-0
1-0 Fernando Torres (3.), 2-0 Glen Johnson (32.), 3-0 Fernando Torres (60.)	
Burnley - Blackburn	0-1
0-1 David Dunn (20. víti)	
Birmingham - Arsenal	1-1
0-1 Samir Nasri (81.), 1-1 Kevin Phillips (90.)	
Chelsea - Aston Villa	7-1
1-0 Frank Lampard (15.), 1-1 John Carew (29.), 2-1 Frank Lampard (44. víti), 3-1 Florent Malouda (57.), 4-1 Frank Lampard (62. víti), 5-1 Florent Malouda (68.), 6-1 Salomon Kalou (83.), 7-1 Frank Lampard (90.)	
West Ham - Stoke	0-1
0-1 Ricardo Fuller (69.)	
Wolves - Everton	0-0
Hull - Fulham	2-0
1-0 Jimmy Bullard (16.), 2-0 Craig Fagan (48.)	
Bolton - Manchester United	0-4
0-1 Sjálfsmark (38.), 0-2 Dimitar Berbatov (69.), 0-3 D. Berbatov (78.), 0-4 Darron Gibson (82.)	

STAÐAN:

Man. United	**32**	**23**	**3**	**6**	**76-25**	**72**
Chelsea	32	22	5	5	82-29	71
Arsenal	**32**	**21**	**5**	**6**	**74-34**	**68**
Tottenham	31	17	7	7	57-29	58
Liverpool	**32**	**16**	**6**	**10**	**53-32**	**54**
Man. City	30	14	11	5	55-39	53
Aston Villa	**31**	**13**	**12**	**6**	**43-32**	**51**
Everton	32	13	10	9	50-42	49
Birmingham	**32**	**12**	**9**	**11**	**33-37**	**45**
Blackburn	32	11	8	13	35-50	41
Stoke City	**31**	**9**	**12**	**10**	**30-35**	**39**
Fulham	31	10	8	13	33-36	38
Sunderland	**32**	**8**	**11**	**13**	**41-50**	**35**
Wolves	32	8	8	16	28-50	32
Bolton	**32**	**8**	**8**	**16**	**36-60**	**32**
Wigan Athletic	31	8	7	16	29-59	31
West Ham	**32**	**6**	**9**	**17**	**38-55**	**27**
Hull City	31	6	9	16	31-64	27
Burnley	**32**	**6**	**6**	**20**	**31-65**	**24**
Portsmouth	32	6	4	22	28-60	13

* Einn leikur fer fram í ensku úrvalsdeildinni í kvöld er Wigan Athletic sækir Manchester City heim. City getur með sigrinum náð fimmta sæti deildarinnar á nýjan leik.

Lampard í sjöunda himni

Chelsea gerði sér lítið fyrir og slátraði Aston Villa 7-1 þar sem Frank Lampard skoraði fernu. Manchester United rúllaði yfir Bolton en Arsenal missteig sig.

FÓTBOLTI „Þetta var hrikalegt. Mínir menn luku bara keppni í stöðunni 3-1," sagði Martin O'Neill, knattspyrnustjóri Aston Villa eftir að hans menn voru leiddir til slátrunar á Stamford Bridge. Villa er í harðri baráttu um Evrópusæti en liðið leit út eins og utandeildarlið gegn Chelsea á laugardag.

Frank Lampard var í aðalhlutverki og skoraði fernu í leiknum, þar af voru tvö mörk hans af vítalínunni. Eftir þessi mörk er hann kominn í þriðja sætið á listanum yfir markahæstu menn Chelsea frá upphafi.

„Maður getur ekki verið annað en stoltur af því að vera í kringum þessi nöfn á listanum. Þetta var frábær frammistaða hjá liðinu, það er erfitt að finna nægilega sterkt lýsingarorð eftir 7-1 sigur," sagði Lampard sem fékk mikið hrós frá Ray Wilkins, aðstoðarstjóra Chelsea.

„Lampard er ómetanlegur fyrir okkur. Hann er klárlega í hópi þeirra allra bestu í heiminum, tölfræðin talar sínu máli. Hann æfir vel það sem hann ætlar að framkvæma í leikjum og það skilar sér," sagði Wilkins eftir leik.

Þetta er ansi gott veganesti fyrir Chelsea í næsta deildarleik en hann er gegn toppliði Manchester United á Old Trafford um næstu helgi. United er með eins stigs forystu á Chelsea.

Englandsmeistararnir áttu ekki í vandræðum með að leggja Bolton á Reebok-vellinum. Búlgarinn Dimitar Berbatov hefur leikið frábærlega seinni hluta tímabilsins og hann skoraði tvö mörk í 4-0 sigri. Tölurnar gefa þó ekki alveg rétta mynd af leiknum. Bolton komst nálægt því að jafna í 1-1 en Edwin van der Saar í marki United sýndi meistaratilþrif í rammanum.

STÓRSIGUR Flestir bjuggust við aðeins jafnari viðureign á Stamford Bridge á laugardag en Chelsea héldu engin bönd. NORDICPHOTOS/GETTY

Markvarsla hans eftir skot frá Fabrice Muamba er klárlega ein af markvörslum tímabilsins á Englandi. Sir Alex Ferguson hrósaði honum í hástert eftir leik en vængmaðurinn Nani fékk einnig sinn skammt. „Nani er búinn að spila svona vel í einhverjar vikur. Hann hefur fundið taktinn á frábærum tíma fyrir okkur. Við erum mjög ánægðir með að hann skrifaði undir nýjan samning. Hann er að þróast og þroskast," sagði Ferguson.

Arsenal missteig sig gegn Birmingham og er nú fjórum stigum frá toppnum. Birmingham jafnaði í 1-1 í viðbótartíma og Arsene Wenger, stjóri Arsenal, gat ekki leynt pirringi sínum á blaðamannafundi eftir leik.

elvargeir@frettabladid.is

SJÓÐHEITUR Fernando Torres er að finna sitt fyrra form þessa dagana. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Liverpool í fimmta sætið:

Torres afgreiddi Sunderland

FÓTBOLTI Liverpool hefur ekki sagt sitt síðasta orð í baráttunni um fjórða sætið í ensku úrvalsdeildinni sem gefur þátttökurétt í Meistaradeildinni að ári.

Liverpool lagði Sunderland í gær, 3-0, þar sem Spánverjinn Fernando Torres fór mikinn.

Hann kom Liverpool yfir á þriðju mínútu með einu af mörkum ársins. Skot frá vítateigshorninu sem sigldi yfir markvörðinn og efst í hornið fjær. Stórbrotið mark.

Glen Johnson bætti öðru marki við fyrir hlé og Torres klárað dæmið með marki 30 mínútum fyrir leikslok.

„Það dylst engum að það er allt annað að sjá liðið núna en í upphafi tímabils. Sjálfstraustið er í lagi núna og við teljum okkur geta lagt hvaða lið sem er að velli," sagði Torres borubrattur eftir leikinn.

„Við verðum að vinna alla okkur leiki sem eru eftir og vonast eftir hagstæðum úrslitum annars staðar. Þetta er allt að þokast í rétta átt." **- hbg**

Sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar í handbolta:

Sigrar hjá Löwen og Kiel

HANDBOLTI Sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar hófust um helgina en þrjú Íslendingalið eru eftir í keppninni og þar af mætast tvö þeirra innbyrðis.

Það eru FCK, lið Arnórs Atlasonar, og Kiel sem Alfreð Gíslason þjálfar og Aron Pálmarsson leikur með. Kiel sótti FCK heim í gær og marði sigur, 31-33, eftir að hafa leitt örugglega nær allan leikinn. FCK átti góða endurkomu undir lokin og var ekki fjarri því að jafna leikinn.

Arnór Atlason skoraði 3 mörk fyrir FCK en Aron Pálmarsson lék ekkert með Kiel.

Rhein-Neckar Löwen, lið Ólafs Stefánssonar, Snorra Steins Guðjónssonar og Guðjóns Vals Sigurðssonar, vann sterkan útisigur á spænska liðinu Valladolid, 29-30. Ólafur skoraði fimm mörk í leiknum, þar af þrjú úr vítum. Snorri komst ekki á blað og Guðjón lék ekki vegna meiðsla.

Löwen og Kiel standa því vel að vígi fyrir síðari leikina en þá spila þau bæði á heimavelli. **- hbg**

ÓLAFUR STEFÁNSSON Átti fínan leik á Spáni um helgina. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Íslandsmótið í badminton fór fram um helgina:

Ragna og Helgi bæði tvöfaldir meistarar

BADMINTON Ragna Ingólfsdóttir og Helgi Jóhannesson urðu Íslandsmeistarar í einliðaleik um helgina. Ragna var að vinna titilinn í sjöunda sinn en Helgi varði titil sinn frá því í fyrra.

Ragna vann frekar auðveldan sigur á Tinnu Helgadóttur, 2-0, í úrslitum.

Helgi mátti hafa talsvert fyrir sigrinum, 2-0, gegn Kára Gunnarssyni. Báðar loturnar fóru 21-19 fyrir Helga.

Helgi varð einnig Íslandsmeistari í tvíliðaleik ásamt Magnúsi Inga Helgasyni.

Ragna vann síðan tvíliðaleikinn með Katrínu Atladóttur, 2-1. Þær lentu í hörkuslag gegn Tinnu Helgadóttir og Snjólaugu Jóhannsdóttur en unnu að lokum, 2-1.

Magnús Ingi Helgason varð einnig tvöfaldur meistari en hann vann tvíliðaleikinn með Helga og varð síðan meistari í tvenndarleik. **- hbg**

SIGURSÆL Ragna Ingólfsdóttir vann í einliða- og tvíliðaleik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

1598 KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

598 KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

398 KR.KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGA BITAR BLANDAÐIR

998 KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
1198 kr.kg. 16,7% afsláttur

2698 KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBAFILLET

1998 KR.STK

1398 KR.PK

759 KR.PK

PAMPERS NEWBORN BLEIUR 27 STK 759 kr.pk
PAMPERS MINI BLEIUR 43 STK. 1398 kr.pk

479 KR.PK

FROSIN JARÐARBER 1200G

398 KR.PK

BOOZT GLÖS 10 STK M/LOKI & RÖRI

289 KR.STK

BÓNUS FETAOSTUR 250G

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI *10% 185g*
139 kr dósin

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI *18% 185g*
139 kr dósin

898 KR. KIPPAN

PEPSI KIPPA 6 FLÖSKUR
2 LTR.= 12 LTR. 150 kr.fl

MOTTUMARS Á ENDA

2098 KR.STK

***Gillette* FUSION POWER RAKBLÖÐ 4 STK 2098 kr.**
FUSION RAKBLÖÐ 4 STK 1898 kr.

998 KR.STK

***Gillette* FUSION PHENOM RAKVÉL**

598 KR.STK

***Gillette* FUSION RAKGEL 200 ml**

679 KR.STK

NEUTRAL ÞVOTTEFNI 1,9 KG

495 KR.PK

MERRILD 103 KAFFI MEÐALRISTAÐ 500g

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

> Johnny Knoxville

„Það má læra heilimikið á því að hegða sér eins og hálfviti."

Knoxville fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Daltry Calhoun sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR FYLGIST MEÐ GOSFRÉTTUM

Gos á sjónvarpsskjá og í raunveruleikanum

Ég held að íslenskir sjónvarpsfréttamenn hafi sjaldan verið heppnari með fréttaefni en í vikunni sem leið. Eldgosið á Fimmvörðuhálsi er áhugavert fréttaefni og algjör draumur að gera skil í sjónvarpi. Gosið er sannarlega magnað sjónarspil sem hefur verið skilað á skjáinn með mögnuðum myndskeiðum kvikmyndatökumanna.

Fréttamenn hafa svo flutt okkur tíðindi af vettvangi, ábúðarfullir í mynd með gosið í baksýn ýmist í fjarska eða návígi. Þeir hafa fært okkur upplýsandi viðtöl við landeigendur, lögregluna og ekki síst jarðfræðinga, heitustu stétt landsins um þessar mundir.

Gosinu hafa vitaskuld verið gerð ítarleg skil í öðrum miðlum en sjónvarpi; í útvarpi, á vefnum og í blöðum, ljósmyndarar hafa tekið frábærar myndir sem hafa örugglega kveikt löngun í fólki að fara á vettvang og skoða gosið með eigin augum, rétt eins og hreyfimyndir af eldstöðvunum hafa gert.

ELDOSIÐ Á FIMMVÖRÐUHÁLSI Heillandi úr fjarlægð, hættulegt í nálægð.

Þrátt fyrir mikinn fréttaflutning af gosinu þá er greinilegt að ekki hafa allir fylgst með þeim fréttum af athygli. Ítrekað kom fram fyrir helgi að gangan upp á hálsinn er löng og ströng. Að þeir sem ætluðu að ganga á toppinn þyrftu að vera vel búnir og í góðu formi. Þrátt fyrir þessar upplýsingar þá mættu einhverjir göngumenn galvaskir á staðinn illa klæddir og óvanir fjöllum. Það er ljóst að einhverjir hefðu orðið úti ef björgunarsveitir hefðu ekki staðið vaktina fram eftir nóttu aðfaranótt sunnudags og hjálpað þeim niður sem ekki komust til baka af sjálfsdáðum. Sem betur fer voru margir á vaktinni og enn og aftur því hægt að þakka fyrir sjálfboðastarf björgunarsveita og vert að minna á að það má styrkja þær með framlögum hvenær sem er.

MÁNUDAGUR

▶ **19.00 Njarðvík – Stjarnan, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **21.15 Sporlaust** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.40 CSI** SKJÁREINN

▶ **21.50 Réttur** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **22.25 Supernatural** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Leiðin á HM (5:16) (e)
18.00 Pálína (29:56)
18.05 Stjarnan hennar Láru (22:22)
18.15 Pósturinn Páll (15:28)
18.30 Eyjan (5:18)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Lífið (Life) (2:10) Breskur heimildamyndaflokkur.
21.00 Lífið á tökustað (Life on Location) (2:10) Stuttir þættir um gerð myndaflokksins Lífið.
▶**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (14:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sérsveit innan Alríkislögreglunnar sem kölluð er til þegar leita þarf að týndu fólki.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Úlfaþytur í úthverfi (Suburban Shootout II) (2:6) Breskur gamanmyndaflokkur um konurnar í smábænum Little Stempington sem drepa ekki tímann, heldur hver aðra með ótrúlegustu vopnum.
22.40 Aðþrengdar eiginkonur (e)
23.25 Kastljós (e)
23.55 Fréttir (e)
00.05 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Glastonbury
10.15 The Seeker: The Dark is Rising
12.00 Popstar
14.00 Glastonbury
16.15 The Seeker: The Dark is Rising
18.00 Popstar
20.00 Daltry Calhoun Grínmynd með Johnny Knoxville í aðalhlutverki. Líf Daltry Calhoun tekur stakkaskiptum er 14 ára dóttir hans kemur óvænt inn í líf hans en hann yfirgaf hana og móðurina fyrir mörgum árum.
22.00 Let's Go To Prison
00.00 Cake: A Wedding Story
02.00 Gridiron Gang
04.05 Let's Go To Prison
06.00 Jesse Stone: Night Passage

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.10 Hæðin (3:9)
11.00 60 mínútur
11.45 Falcon Crest (9:18)
12.35 Nágrannar
13.00 The Birdcage
14.55 ET Weekend
15.35 Saddle Club
15.58 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Apaskólinn og Tommi og Jenni.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (10:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (11:24) Gamanþáttaröð um bræðurna Charlie og Alan Harper. Charlie er piparsveinn sem nýtur mikillar kvenhylli en Alan flutti inn á hann eftir að hann skildi við barnsmóður sína.
19.45 How I Met Your Mother (11:22) Rómantískir gamanþættir um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.
20.15 American Idol (24:43) Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar.
21.40 American Idol (25:43)
▶**22.25 Supernatural** (5:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.
23.05 It's Always Sunny In Philadelphia (14:15) Gamanþáttur um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi, upp á hvern einasta dag.
23.25 Goldplated (1:8)
00.15 The Big Chill
02.00 The Birdcage
03.55 American Idol (24:43)
05.15 American Idol (25:43)
06.00 Two and a Half Men (11:24)

SPORT *besta sætið*

07.00 Real Madrid - Atl. Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.
12.30 PGA Tour 2010 Útsending frá lokadegi Arnold Palmer Invitational-mótsins í golfi.
15.30 Orlando - Denver Útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.
17.20 ÍR - KR Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni.
▶**19.00 Njarðvík - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Iceland Express-deildinni.
21.00 Spænsku mörkin Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
22.00 Bestu leikirnir. Breiðablik - Keflavík 02.07.09 Það var boðið upp á stórkostleg tilþrif í stórkostlegum leik á Kópavogsvelli í byrjun júlí 2009. Þar mættust tvö af skemmtilegri liðum Pepsí-deildarinnar og þau sýndu mátt sinn og megin í þessu frábæra leik.
22.30 Njarðvík - Stjarnan Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni.
00.10 World Series of Poker 2009 Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims mættu til leiks.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Liverpool - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.00 Tottenham - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
18.50 Man. City - Wigan Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
22.30 Man. City - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
00.10 Bolton - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Spjallið með Sölva (6:14) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Spjallið með Sölva (6:14) (e)
16.15 Game Tíví (9:17) (e)
16.45 7th Heaven (7:22)
17.30 Dr. Phil
18.15 Matarklúbburinn (2:6) (e)
18.45 Worlds Most Amazing Videos (8:13) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd.
19.30 Fréttir Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
19.45 King of Queens (6:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)
20.10 90210 (13:22) Naomi kemur heim úr frí og fer beint í fangið á Liam. Adrianna og Gia ná vel saman eftir að hafa hist á AA-fundi á meðan Navid og Dixon leggja á ráðin um hvernig þeir geta klekkt á Jasper.
20.55 One Tree Hill (13:22) Nathan og Jamie hitta Haley á tónleikaferðalaginu og Brooke og Julian ná saman eftir langt hlé. Clay og Quinn reyna að ákveða framhaldið eftir að hann lýsti yfir að hann væri ástfanginn.
▶**21.40 CSI** (4:23) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
22.30 Jay Leno
23.15 Californication (1:12) (e)
23.50 Fréttir (e)
00.05 King of Queens (6:25) (e)
00.30 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Úr öskustónni Gestur Guðjóns Bergmanns er Gylfi Dalmann frá HÍ.
20.30 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon heimsækir eldhúsið hjá Hereford steikhúsi.
21.00 Frumkvöðlar Gestur Elínóru Ingu er Jón Þórir Fransson.
21.30 Í nærveru sálar Afreksbörn í íþróttum og íslenskir afrekskólar. Jón Páll Pálmarsson er gestur Kolbrúnar.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

American Idol

Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Lífið

Sjónvarpið kl. 20.10

Í þættinum í kvöld fjallar náttúrufræðingurinn David Attenborough um froskdýr og skriðdýr sem vegna sinnar miskunnarlausu veiðitækni, meistaralegw dulargerviw, slægðar og líkamsstyrks, hafa þrifist á svæðum sem spendýr og fuglar hætta sér ekki á. Við fylgjust meðal annars með dýrum eins og eyjafrýnu, sæslöngum, fossakörtu og bolablístru.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Hringsól
14.03 Bak við stjörnurnar
15.03 Útvarpssagan: Stjörnurnar í Konstantínópel
15.25 Fólk og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Heimur hugmyndanna
22.10 Lestur Passíusálma
22.15 Í átt að regnboga
23.15 Lostafulli listræninginn
23.50 Þjóðsagnalestur
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 E.R. (13:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.30 Seinfeld (21:24)

19.00 The Doctors

19.45 E.R. (13:22)

20.30 Seinfeld (21:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Réttur (3:6) Maður fer í stríð við bankann sinn og Logi skerst í leikinn. Brynhildur á ekki sjö dagana sæla og þrálátar heimsóknir á Landspítalinn eru ekki til að bæta á það.

22.35 Cold Case (13:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

23.20 Twenty Four (10:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé. Þegar neyðarástand skapast í New York renna þau áform út í sandinn. Höfuðstöðvar CTU hafa verið færðar þangað og nýtt fólk er við stjórnvölinn. Því á sérþekking hans eftir að reynast mikilvægari nú en nokkru sinni áður.

00.05 Sjáðu

00.30 Fréttir Stöðvar 2

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.20 Hotel Babylon **11.15** The Mighty Boosh **11.45** The Mighty Boosh **12.15** Jonathan Creek **13.05** The Weakest Link **13.50** Gavin And Stacey **14.20** Hotel Babylon **15.15** Extras **15.45** Gavin And Stacey **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Sensitive Skin **18.00** My Family **18.30** Hustle **19.20** Waking the Dead **20.10** My Family **20.40** Hotel Babylon **21.35** Jonathan Creek **22.25** Hustle **23.15** Waking the Dead

DR 1

12.00 DR1 Dokumentaren - På tvang **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Fodboldpigerne **14.25** Fodboldpigerne **14.55** Chiro **15.05** Tagkammerater **15.15** Den fortryllede karrusel **15.30** Peter Pedal **15.55** Gurli Gris **16.00** F for Får **16.05** Pingvinerne fra Madagascar **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Tæt på dyrene på giraffangst **17.30** Det sode liv **18.00** Stillehavets tropiske eventyr **18.50** Bagom **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Inspector Morse **21.10** OBS **21.15** Kriminalkommissær Clare Blake **22.30** Hjernestorm **23.00** Boogie Mix

NRK 1

12.10 Himmelblå **13.00** NRK nyheter **13.10** Dynastiet **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Herskapelige gjensyn **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Forkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenotter **17.45** Et vakkert liv **18.40** Bratt moro **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Kollisjonen **21.10** Losning påskenotter **21.15** Kveldsnytt **21.30** Poirot **23.10** Nytt på nytt **23.40** Sport Jukeboks

SVT 1

10.05 Sportspegeln **10.50** Plus **11.20** Den finska hästen **12.15** Bröderna Mozart **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Kvartersdoktorn **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Det kungliga bröllopet **19.00** Saltön **20.00** Tillsammans är man mindre ensam **21.35** Jakten på Julia **22.35** Sluten avdelning **23.35** Landet runt

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Ég er að horfa á Project Runway og Klovn. Project Runway er spennandi og ekta þáttur fyrir alla sem hafa áhuga á hönnun og tísku. Klovn er alltaf fyndinn og hressandi. Fær mann til að hlæja, sem er ekki verra.“

Ása Ottesen, tískubloggari og nemi

Hannar fyrir viðbjóðslegustu mynd allra

„Ég stórefast um að myndin verði nokkurn tíma sýnd á Íslandi,“ segir hönnuðurinn Ómar Örn Hauksson.

Ómar vann kynningarefni fyrir kvikmyndina Pig eftir leikstjórann Adam Mason. Stærsta hryllingsmyndatímarit Bandaríkjanna Fangoria fjallaði um myndina á dögunum og sagði að hún væri óþægilegasta, viðbjóðslegasta og ofbeldisfyllsta mynd allra tíma. Þá lagði tímaritið til að hún yrði bönnuð. Myndin fjallar í stuttu máli um mann sem pyndar og drepur fólk stanslaust í 90 mínútur.

Ómar fékk titilinn meðframleiðandi í laun fyrir vinnu sína að kynningarefni myndarinnar. Hann hefur þrátt fyrir það ekki horft á alla myndina. „Hún gengur ansi langt verð ég að segja. Ansi, ansi langt. Þetta er með því ógeðfelldara sem ég hef séð og ég hef séð margt,“ segir hann.

Næst á dagskrá hjá Adam Mason er vestri og Ómar vinnur einnig kynningarefnið fyrir hana. „Ég heimtaði eiginlega að fá að vera kúreki í henni,“ segir Ómar í léttum dúr. „Það væri rosa gaman. Hann sagðist ætla að redda því.“ - afb

BLÓÐUG MYND Ómar hannaði kynningarefnið fyrir Pig, sem ku vera ein viðbjóðslegasta mynd allra tíma.

Á ÆFINGU Jón Karl Helgason gerir nú heimildarmynd um sögu Þjóðleikhússins þar sem Íslandsklukkan er rauði þráðurinn í myndinni. Hér ræða Ingvar E. Sigurðsson, sem leikur Jón Hreggviðsson, og leikstjórinn Benedikt Erlingsson málin. Jón Karl mundar vélina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓN KARL HELGASON: GERIR HEIMILDARMYND UM ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Íslandsklukkan rauði þráðurinn í sögu leikhússins

Kvikmyndagerðarmaðurinn Jón Karl Helgason er á fullu við að gera heimildarmynd um Þjóðleikhúsið sem verður frumsýnd næsta vetur. Íslandsklukkan límir myndina saman.

Jón Karl hefur að undanförnu fylgst með æfingum á Íslandsklukkunni í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Verkið var eitt af þremur fyrstu verkum Þjóðleikhússins á upphafsárinu ásamt Fjalla-Eyvindi og Nýársnótt. Svo skemmtilega vill til að fyrsta Snæfríður Íslandssól leikur einnig í þessari uppfærslu en það er Herdís Þorvaldsdóttir, móðir Tinnu Gunnlaugsdóttur, núverandi þjóðleikhússtjóra. Herdís leikur að þessu sinni móður Jóns Hreggviðssonar. „Íslandsklukkan er einhvern veginn höfuðverk Þjóðleikhússins og það gengur einhvern veginn í arf,“ segir Jón Karl. Ekki algalin fullyrðing. Tinna lék Snæfríði 1985 og þótt Erlingur Gíslason, pabbi leikstjórans Benedikts, leiki að þessu sinni Jón sterka þá lék hann júngherrann í uppfærslunni árið 1968. Þá má einnig nefna að Arnar Jónsson fer með hlutverk Eydalíns lögmann núna en hann lék dómkirkjuprestinn í sýningunni fyrir 25 árum.

Jón Karl hefur fengið að fylgjast með æfingum og rætt við eldri leikara um hvernig lífið og starfið gekk fyrir sig í Þjóðleikhúsinu á fyrstu árum þess. Hann segir Herdísi vera hafsjó af fróðleik. „Hún hefur upplifað svo margt og það er ákaflega fróðlegt að heyra hvernig þetta var allt saman fyrstu dagana,“ segir Jón Karl og nefnir sem dæmi að iðnaðarmenn voru enn að störfum þegar verið var að æfa fyrir frumsýningu. Leikararnir hafi hins vegar haft svo mikinn áhuga og svo mikinn vilja að þeir létu ekki nokkur hamarshögg á sig fá. Jón Karl hefur þegar tekið fyrsta viðtalið við Herdísi og jafnframt komist yfir myndefni af gömlum sýningum sem ákaflega fáir hafa séð. „Maður fær þarna tækifæri til að vera hálfgerður landkönnuður í leikhúsinu,“ útskýrir Jón Karl.

Og þótt leikverkið Íslandsklukkan sé rauði þráðurinn í gegnum heimildarmyndina þá fylgist Jón Karl ekkert síður með þeim leikritum sem nú er verið að sýna, Hænuungunum, Fíusól og Brennuvörgunum. „Og svo er hugmyndin sú að fylgjast með leikurunum fara inn í næsta ár og sjá hvaða verk þeir taka sér fyrir hendur næst. Því starf Þjóðleikhússins heldur alltaf áfram þótt búið sé að frumsýna Íslandsklukkuna.“

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Meistaramótið í Badminton fór fram í TBR-höllinni í gær. Hinir fjölmörgu sem horfðu á útsendingu Ríkissjónvarpsins frá mótinu sáu að stórsöngvarinn **Stefán Hilmarsson** var á meðal áhorfenda. Stefán er þekktur fyrir sigra sína á öðrum sviðum en ku þó vera liðtækur með badmintonspaðann.



Talandi um þessa göfugu íþrótt. Fjölmargir Íslendingar spila badminton reglulega og stundum má sjá rithöfundana Guðmund Andra Thorsson og Halldór Guðmundsson kljást á vellinum. Gunnsteinn Ólafsson hljómsveitarstjóri er einnig liðtækur spilari eins og Herbalife-kóngurinn **Jón Óttar Ragnarsson.**

Og tilkynnt var um nýja eigendur á DV í gær. Á meðal nýrra eigenda eru ónafngreindur prestur og kráareigandi. Ritsjórinn **Reynir Traustason** er á meðal stærstu eigenda ásamt Lilju Skaftadóttur. Hún á væntanlega ekki eftir að uppfæra bloggið sitt á næstunni, enda er það vistað á vefsvæði Morgunblaðsins ... - afb

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. íþrótt, **6.** frá, **8.** þvottur, **9.** hafið, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** enn lengur, **16.** bardagi, **17.** þjálfa, **18.** almætti, **20.** persónufornafn, **21.** nabbi.

LÓÐRÉTT
1. þungi, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** óðagot, **7.** fáskiptinn, **10.** gogg, **13.** útsæði, **15.** kviður, **16.** siða, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÓÐRÉTT: **1.** farg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** nef, **13.** fræ, **15.** magi, **16.** aga, **19.** öö.
LÁRÉTT: **2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** rán, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** at, **17.** æfa, **18.** guð, **20.** ég, **21.** arða.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 60 ára.
2. FM Belfast.
3. Litla fólkið frá Fisher-Price, framleitt á árunum 1965-1991.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
PÁSKAHUMAR 3.990
GLÆNÝ LÚÐA • LAXAFLÖK • RÆKJUR
SÉRVALIN TÚNFISKUR • RISAHÖRPUSKEL
ÞORSKHNAKKAR • HUMARSÚPA
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Tæknibrelluteymi gefur út á vínyl

„Mig langaði bara til að gefa vínyl. Var þetta dýrt? Jú, kannski, en eru ekki sumir með jeppadellu? Þetta var bara eitthvað sem mig langaði til að gera,“ segir Ummi Guðjónsson, tónlistamaður og tæknibrelluteymi, sem var að senda frá sér glæsilegan vínyl-pakka.

Ekki hefur mikið verið fjallað um tónlistarhæfileika Umma í rúm fjórtán ár, eða síðan hin vinsæla hjómsveit hans, Sólstrandargæjarnir, lagði upp laupana. Hins vegar hefur aðeins meira verið gert úr starfi hans í kvikmyndaheiminum en Ummi hefur unnið við tæknilega útfærslu kvikmynda á borð við Avatar, The Golden Compass og Where the Wild Things Are auk Harry Potter and the Goblet of Fire.

Ástæðan fyrir tímasetningu útgáfunnar er ofur einföld, að sögn Umma. „Platan var einfaldlega tilbúin. Ég er búinn að vera dútla mér við þetta undanfarin ár og núna var verkið bara búið. Ég var samt ekkert búinn að ákveða hvort ég ætti að gefa þetta út, en svo lét ég bara vaða,“ útskýrir Ummi.

Umslagið er feykilega metnaðarfullt og því fylgir svokallaður usb-kubbur fyrir þá sem ekki eiga plötuspilara. Ummi viðurkennir að þarna hafi blandast saman tónlistin og svo tæknibrelluvinnan. „Ég hafði alveg óskaplega gaman af því að gera þetta,“ segir Ummi. Um þessar mundir er hann að vinna við nýja mynd frá teiknimyndarisanum Pixar sem Andrew Stanton, handritshöfundur Toy Story og leikstjóri mynda á borð við Wall-E og Finding Nemo, er að gera. Ummi segir þetta vera einstakt tækifæri fyrir sig. „Þetta er það sem mig dreymdi alltaf um að gera.“ - fgg

GLÆSILEG UMGJÖRÐ Plata Umma Guðjónssonar er glæsileg, hún er á vínyl en þeir sem eiga ekki plötuspilara geta notast við usb-kubb sem fylgir með.

@ ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

AMD TÖLVUTILBOÐ

AMD TÖLVUPAKKI 2
- CoolerMaster Elite turn
- AMD Athlon II X240 2,8GHz DualCore örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 640GB SATA II WD diskur
- MSI ATI Radeon HD4200 skjákort
- Philips 201E1SB 20" LCD breiðskjár
- Windows 7 Home Premium

129.950

FLAKKARI

TOSHIBA

Toshiba StorE Art 1.5TB
USB 2 ferðahýsing með 3.5" harðdisk, tilbúinn til notkunar.

25.950

LEIKJAMÚS

Ace Laser Gaming
Sex hnappa laser leikjamús með 1600dpi upplausn.

4.450

LEIKJATÓL

ACE DX580
Lokuð heyrnatól með styrkstillingu á snúru og hljóðnema.

4.450

HÁTALARAKERFI

Philips SPA1312
20w RMS hátalarakerfi með 2 hátölurum og bassaboxi með Analogue Bass Boost og Bass reflex.

PHILIPS **8.950**

ÞRÁÐLAUST

Logitech Pro 2800
Þráðlaust lyklaborð með multimedia flýtihnöppum. Þráðlaus geislamús fylgir.

Logitech **10.950**

SJÓNVARPSFLAKKARI

UNITED

720/1080i

HDMI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

640GB WD

24.950

LCD BREIÐSKJÁR

24 Philips 241E1SB
24" LCD breiðskjár með 1920x1080p uppl., 25000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI ofl.

PHILIPS **46.950**

LEIKJATURN

AMD tölva 3
Athlon II 250 3,0GHz
4GB DUAL DDR3 1333MHz minni, 640GB SATA2 WD harðdiskur, Geforce N220GT 1GB skjákort, 22X +/- DVD skrifari , 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort, 10/100/1000 netkort, Windows 7 Home Premium ofl.

119.950

TOSHIBA FARTÖLVA

Toshiba Satellite Pro U400-24H
- 2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz minni
- 250GB diskur
- 13,3" TFT WXGA breiðskjár
- Intel GMA 4500MHD skjákort
- Vefmyndavél
- DVD / CD skrifari
- Windows Vista Business / XP Pro

99.950

acer FARTÖLVA

Acer Aspire 5542G-304G50MN
- 2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core örgjörvi
- 4GB DDR2 minni
- 500GB diskur
- 15.6" WXGA breiðskjár
- 512MB ATI Radeon HD 4200 PCI-Express skjákort með HyperMemory
- Vefmyndavél
- Talnaborð
- DVD / CD skrifari
- Windows 7 Home Premium stýrikerfi ofl.

117.950

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS félags laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð á bókasöfnum, mán kl. 16 – 18 í dag í Gerðubergssafni

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ætlar að hætta

Jóhann Hauksson, sem fékk nýlega verðlaun sem blaðamaður ársins fyrir skrif í DV, ætlar að hætta á blaðinu á næstunni. Þetta sagði hann á Sprengisandi á Bylgjunni, nokkrum stundum áður en tilkynnt var að Reynir Traustason og Lilja Skaftadóttir væru búin að kaupa DV af Hreini Loftssyni. Jóhann segist hætta á blaðinu af persónulegum ástæðum. Á dögunum kom fram að hann væri í samkeppni við Reyni Traustason um að kaupa blaðið af Hreini. Jóhann er líka einn af 33 umsækjendum um starf upplýsingafulltrúa fjármálaráðuneytisins.

Talar tæpitungulaust

Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, talaði ekkert embættismannamál í nýlegu viðtali við tímaritið Euromoney. „Þetta er saga um vanhæfni, afdalamennsku og mikilmennskubrjálæði, segir hann um orsakir efnahagshrunsins. „Þetta er saga um fólk sem var úti á þekju og þröngsýna sveitamenn." Jónasi Fr. Jónssyni, fyrrverandi forstjóra FME, voru ekki heldur vandaðar kveðjurnar. Hann var gunga og klappstýra bankanna, segir Gunnar.

- pg

Tom Selleck endurvakinn

Tom Selleck-mottukeppnin verður endurvakin á Boston á morgun. Keppnin var síðast haldin á Sirkus árið 2006 og naut gríðarlegra vinsælda. Á meðal þeirra sem hafa unnið keppnina eru **Raggi** í Botnleðju, Maggi Lego og Stephan Stephensen úr Gusgus. Annar hver karlmaður á Ísland er með mottu í dag, en aðeins 30 komast í keppnina. Skráning fer fram á Boston til klukkan 20 í kvöld og allur ágóði sölunnar á barnum annað kvöld rennur til Krabbameinsfélagsins.

- afb

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Ofkældist klæddur í leðurjakka og gallabuxur
2. Landnámshænsnabóndinn: „Ég held ótrauður áfram"
3. Hraunrennslið nær niður á Krossáraura innan fárra daga
4. Ætla að sniðganga öll olíufélög nema eitt í viku
5. Óttast um afdrif barns vegna dóms Hæstaréttar

www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

SÓLAR sprettur í sólarhring!

Valdar dagsetningar í apríl

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða hefst í dag kl. 12:00! Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

Verðdæmi:

Tenerife
Brottfarir: 7. eða 17. apríl
Verð á mann:
99.900 kr
Flug og gisting í 10 daga m.v. 2 fullorðna *

Hálft fæði innifalið!

Tenerife
Brottfarir: 7. eða 17. apríl
Verð á mann:
109.900 kr
Flug og gisting með hálfu fæði í 10 daga m.v. 2 fullorðna *

Allt innifalið!

Tenerife
Brottfarir: 7. eða 17. apríl
Verð á mann:
119.900 kr
Flug og gisting með "öllu inniföldu" í 10 daga m.v. 2 fullorðna *

* innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í 24 KLST FRÁ HÁDEGI MÁN. 29. APRÍL!

Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin! Alltaf ódýrasta verðið á netinu.

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús FERÐIR

www.plusferdir.is